


**skoðun 14**


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Skólar & námskeið











# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**8. maí 2012**
107. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Á faraldsfæti í sumar

*Fjöldi íslenskra tónlistarmanna spilar á erlendum hátíðum í sumar.*

**popp 26**

## Álögur á sjúklinga

*Ár er síðan samningar við sérfræðilækna runnu út skrifar Guðmundur Magnússon.*

**skoðun 16**



## Fær fleiri tækifæri í KR

*Emil Atlason skipti úr FH yfir í KR og byrjaði vel í Vesturbænum.*

**sport 30**

## veðrið í dag




**NA-ÁTT** Víða hægur vindur á landinu. Hiti nálægt frostmarki N- og A-til og dálítil él. Nokkuð bjart V-til, einkum fyrrihluta dags. Stöku skúrir SV-til seinnipartinn.

**VEÐUR 4**



**KLIFRAÐ HÆRRA** Svanhildur Hlíf, Sunneva Björk og Þorbjörg Salka skemmtu sér við að klifra í höggmyndinni Saltfiskstöflun eftir Sigurjón Ólafsson við Tækniskólann í veðurblíðunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sex félög til skattrannsóknarstjóra

**Á fjórða þúsund félög hafa ekki skilað ársreikningi vegna ársins 2010. Félögin verða sektuð í byrjun júní. Enn fremur hafa hátt í þúsund félög enn ekki skilað ársreikningi vegna ársins 2007.**

**STJÓRNSÝSLA** Embætti ríkisskattstjóra vísaði málefnum sex félaga sem ekki skiluðu ársreikningum vegna ársins 2010 til frekari rannsókna hjá skattrannsóknarstjóra. Öll félögin teljast stór í skilningi reglna um ársreikningaskil.

Alls á 3.541 félag sem skráð er á Íslandi, að frádregnum þeim sem hafa orðið gjaldþrota eða búið er að afskrá, eftir að skila inn ársreikningum vegna ársins 2010. Auk þess eiga 1.897 félög eftir að skila inn reikningum vegna ársins 2009, 1.594 vegna ársins 2008 og 886 vegna ársins 2007. Þetta kemur fram í svari embættis ríkisskattstjóra við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið.

Í reglugerð um ársreikningaskil kemur fram að félög þurfi að skila ársreikningi eigi síðar en átta mánuðum eftir lok hvers reikningsárs. Þau félög sem gera upp á hefðbundnu almanaksári hafa því tækifæri út ágúst ár hvert til að skila inn ársreikningi. Hafi hann ekki borist ársreikningaskrá innan tilskilins frests er skorað á umrætt félag að bæta úr vanskilum sínum innan 30 daga. Skili það ekki árangri á ársreikningaskrá að leggja 250 þúsund króna fésekt á umrætt félag. Ef félag skilar ekki ársreikningi í tvö eða fleiri reikningsár hækkar fjárhæðin upp í 500 þúsund krónur fyrir hvert ár.

Samkvæmt lögum er hægt að vísa málum stærri félaga til málsmeðferðar hjá embætti skattrannsóknarstjóra. Til að félag teljist stórt verður það að uppfylla tvö af þremur stærðarmörkum; að eiga eignir sem nema meira en 230 milljónum króna, vera með rekstrartekjur sem eru meiri en 460 milljónir króna eða vera með yfir fimmtíu starfsmenn.

Flest einkahlutafélög á Íslandi eru stofnuð til eignaumsýslu, með til dæmis hlutabréf, og hafa því hvorki rekstrartekjur né marga starfsmenn. Þau falla því ekki í flokk stórra félaga. Einu úrræðin sem hægt er að beita slík félög eru ofangreindar sektir.

Því var beitt í fyrsta sinn vegna vanskila á ársreikningum ársins 2009. Þær sektir voru lagðar á í maí í fyrra og alls voru 3.296 félög beitt fésektum. Ekki hefur enn verið sektað vegna vanskila á ársreikningum vegna rekstrarársins 2010. Í svari ríkisskattstjóra við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur hins vegar fram að búast megi við því að ákvarðað verði um sektir í upphafi júnímánaðar. **-þsj**

> **3.541**
> félag, að frádregnum þeim sem hafa orðið gjaldþrota eða búið er að afskrá, hefur ekki skilað ársreikningum vegna ársins 2010.

Bæjarfélög draga fæturna í útgreiðslu lögbundins framlags til húsmæðraorlofs:

# Húsmæður vilja orlof á réttum tíma

**SVEITARSTJÓRNIR** Orlofsnefnd Hafnarfjarðar gerir bæjaryfirvöldum þar ríflega 2,5 milljóna króna reikning vegna orlofsdvalar fyrir hafnfirskar húsmæður í sumar.

Engar ferðir voru farnar fyrir atbeina orlofsnefndar Hafnarfjarðar í fyrra. „Eins og bæjarstjórn Hafnarfjarðar veit jafn vel og við í stjórn orlofsnefndar þá var ekki orðið við beiðni nefndarinnar um framlag til húsmæðraorlofsins fyrr en eftir verulega eftirgangsmuni og barst greiðslan ekki fyrr en í janúar 2012,“ lýsir Svanhildur Guðmundsdóttir, formaður orlofsnefndar Hafnarfjarðar, í erindi til bæjarstjórnarinnar.

Sum sveitarfélög telja framlag þeirra til orlofsnefnda húsmæðra tímaskekkju og „í hróplegu ósamræmi við gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla,“ eins og bæjarráð Hafnarfjarðar sagði í fyrra.

Frumvarp um afnám orlofsins var lagt fram á Alþingi árið 2009. Svanhildur bendir hins vegar á að lög frá árinu 1972 séu enn í fullu gildi. Samkvæmt þeim eigi sveitarfélög að greiða 100 krónur að þávirði á hvern íbúa til húsmæðraorlofsins. Hlutur Hafnarfjarðar sé 2.543.411 krónur og bærinn sé vinsamlegast beðinn um að virða gjalddaga sem sé 14. maí.

„Meira er ekki um þetta að segja,“ segir í innheimtubréfinu sem bæjarráð tók ekki afstöðu til á síðasta fundi. **- gar**










## SPURNING DAGSINS



*Ástrós, þú hlýtur að vera orðin laukur ættarinnar eftir þetta boð?*

„Það er laukrétt!“

Ástrós Elísdóttir er í íslenskum listahópi sem nefnist Leikhús listamanna. Hópnum hefur verið boðið að setja upp sýningu á Hátíð lauksins í ítalska bænum Acquaviva delle Fonti í sumar en Ástrós bjó í bænum um nokkra ára skeið.

Tvöfalda á hlut Strætó í umferðinni á næstu tíu árum og þjónusta verður aukin strax í júní:

# Milljarðar veittir í almenningssamgöngur

**SAMGÖNGUR** Stórefla á almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu á næstu tíu árum og tvöfalda hlutdeild þeirra í umferðinni. Ríkið mun veita tíu milljarða króna í verkefnið á tímabilinu. Fulltrúar Vegagerðarinnar, ríkisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skrifuðu undir samning þess efnis í gær.

Samningurinn hefur verið í undirbúningi lengi. Meginmarkmið og tilgangur þessa tilraunaverkefnis er meðal annars að tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem eru farnar á höfuðborgarsvæðinu og lækka samgöngukostnað heimila og samfélagsins. Þá er ætlunin að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum. Með þessu samkomulagi á jafnframt að skapa forsendur til þess að fresta stórum samgönguframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Stýrihópur mun hafa umsjón með framkvæmd samningsins og mun einnig meta árangur af honum á tveggja ára fresti.

Fyrstu breytingarnar munu eiga sér stað strax í júní að sögn Reynis Jónssonar, framkvæmdastjóra Strætó. Hann sagði í viðtali við Stöð 2 í gær að tíðni ferða aukist, akstur muni hefjast fyrr á morgnana og ljúka seinna á kvöldin. **- þeb**




**SKRIFAÐ UNDIR VIÐ HÖFÐA** Fulltrúar Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ásamt innanríkisráðherra og fjármálaráðherra við undirritunina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Óhugnanlegt mál í S-Kóreu:

## Smygluðu dufti úr mannaholdi

**SUÐUR-KÓREA, AP** **Tollayfirvöld í Suður-Kóreu gerðu nýlega upptæk mörg þúsund hylki sem innihalda þurrkað og mulið hold af látnu fólki, aðallega ungbörnum.**

**Hylkjunum var smyglað frá Kína, með pósti og í farangri ferðamanna, en notendur telja slíkt duft vera lyf gegn hvers konar kvillum og sjúkdómum. Hylkin reyndust þó þvert á móti sýkt af afar skæðum gerlum.**

**Hvorki er ljóst hvar hylkin voru framleidd né hvaðan lík barnanna koma. Efnið var gert upptækt, en enginn var handtekinn vegna málsins þar sem efnið var ekki ætlað til sölu.**

**Kínversk yfirvöld hafa barist gegn neyslu malaðs mannaholds síðasta árið, en slíkt viðgengst helst í norðausturhluta Kína.** **- bj**

Aldrei fleiri útlendingar gist:

## Nær helmingsfjölgun frá 2011

**FERÐAÞJÓNUSTA** Aldrei hafa fleiri útlendingar gist á hótelum hér á landi í marsmánuði og á þessu ári. Erlendir ferðamenn gistu í samtals 103 þúsund nætur á hótelum í mars, sem er um 45% aukning saman borið við mars í fyrra.

Aukning var á fjölda gistinátta um allt land, mest á Vesturlandi og Vestfjörðum þar sem aukningin var um 61%. Minnst var aukningin á Suðurlandi, um fimm prósent. Íslenskum hótelgestum fjölgaði einnig milli ára samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands. **- bj**

### UMHVERFISMÁL

**Mótmæla pólitísku inngripi**

Miðstjórn Samiðnar hefur samþykkt ályktun þar sem mótmælt er harðlega pólitísku inngripi Alþingis í Rammaáætlun um orkunýtingu. Þingmenn er hvattir til að samþykkja upphaflegu áætlunina.

# Hvergerðingar bjarga forsætisráðuneytinu

**Hvergerðingar buðu flotta dagskrá og tóku á móti forsætisráðherra Kína með hálftíma fyrirvara er honum var vísað frá Kerinu. Eins og stormsveipur segir bæjarstjórinn. Forsætisráðherra hefur þakkað Hvergerðingum skjót viðbrögð.**

**ALÞJÓÐASAMSKIPTI** „Við bara rigguðum upp hér dagskrá fyrir einn æðsta mann í heimi,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði sem sjálf var fjarri góðu gamni 21. apríl síðastliðinn þegar óvenjuleg ósk barst frá forsætisráðuneytinu.

„Þegar Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, var hér um daginn ætlaði hann auðvitað að stoppa og skoða Kerið og öll dagskráin miðuð við það. Svo fengu þeir ekki að fara þangað og þá voru góð ráð dýr. Það var hringt hingað og spurt hvort við gætum tekið á móti þeim með hálftíma fyrirvara,“ lýsir Aldís bæjarstjóri aðdragandanum að óvæntri heimsókn Wens Jiabaos.

Þótt Aldís sjálf hafi verið erlendis þegar forsætisráðherra Kína bar að garði kom það ekki að sök, segir hún. Aðrir bæjarfulltrúar ásamt forstöðumanni upplýsingamiðstöðvar Suðurlands og öðrum settu á tuttugu mínútum upp þrælgóða dagskrá fyrir Wen og aðra tigna gesti frá Kína.

„Hverasvæði var opnað og hann fékk leiðsögn um það sem honum þótti afskaplega áhugavert enda jarðfræðingur,“ segir bæjarstjórinn. Í lokin hafi verið farið með Wen og föruneyti á veitingastaðinn Kjöt og kúnst sem er við hliðina á hverasvæðinu og nýtir orkuna þaðan í matseldina. „Þar fékk hann að smakka hveraeldaðan mat.“

Aldís segir sér finnast Hvergerðingar hafa staðið ótrúlega vel að verki. „Það væru örugglega ekki margir sem gætu hlaupið svona til með engum fyrirvara og tekið á móti svo stórri sendinefnd með öllu því sem tilheyrir. Þetta sýnir hvað Íslendingar geta verið fljótir að bregðast við og Hvergerðingar sérstaklega,“ segir hún stolt af sínu fólki.

Nokkrum dögum eftir innlit Wen Jiabaos fengu Hvergerðingar þakkarbréf frá Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. „Hún var svo ánægð með að við skyldum geta bjargað málinu með þessum hætti þegar þau voru óvelkomin við Kerið,“ segir Aldís um bréfið frá Jóhönnu.

Alla heimsóknina segir bæjarstjórinn hafa verið mjög skemmtilega. „Bæjarbúar vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Allt í einu hrúguðust inn lögregluþjónar á hvert einasta götuhorn og það fóru sprengjuleitarhundar út um allt þar sem Wen átti að koma við. Mér skilst að þetta hafi verið eins og stormsveipur færi yfir bæinn.“

gar@frettabladid.is



**WEN JIABAO Í KJÖTI OG KÚNST** Bæjarstjórinn í Hveragerði segir forsætisráðherra Kína, lengst til vinstri, hafa fylgst andaktugan með þegar Ólafur Reynisson veitingamaður reiddi fram gufusoðið brauð og lambalæri með engum fyrirvara. MYND/GUÐMUNDUR ÞÓR GUÐJÓNSSON

> Allt í einu hrúguðust inn lögregluþjónar á hvert einasta götuhorn og það fóru sprengjuleitarhundar út um allt
>
> **ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR** BÆJARSTJÓRI Í HVERAGERÐI.

Ernir K. Snorrason látinn:

## Útför og útgáfa sama daginn

**MENNING** Ernir K. Snorrason, geðlæknir, sálfræðingur og rithöfundur, verður borinn til grafar í dag en nokkrum stundum síðar kemur út skáldsaga hans, Sýslumaðurinn sem sá álfa.



**ERNIR SNORRASON**

Ernir hafði unnið að bókinni mánuðina áður en hann lést og leitaði til Tómasar Hermannssonar útgefanda þegar hann var orðinn alvarlega veikur í þeirri von að hægt væri að gefa bókina út áður en hann félli frá. Það tókst því miður ekki, bókin var í prentun þegar Ernir andaðist.

Tómasi datt þá í hug að gefa bókina út sama dag og höfundurinn yrði jarðsunginn. „Ernir segir enda í tileinkun að sagan sé „kveðja til ástvina minna og til umheimsins sem ég ann svo heitt.“ **- bs /** **sjá síðu 24**

Sérsveitin veitti aðstoð sína:

## Handtóku tvo með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** **Um 50 grömm af kókaíni, talsvert af sterum og búnaður til framleiðslu á kannabis fannst í húsleit lögreglu í Norðlingaholti í Reykjavík fyrir helgina.**

**Fram kemur í tilkynningu lögreglu að karl á þrítugsaldri hafi verið handtekinn á vettvangi en í bíl hans hafi einnig verið að finna marijúana. „Karl á svipuðum aldri var einnig handtekinn í þágu rannsóknarinnar en við leit í bíl hans annars staðar á höfuðborgarsvæðinu fannst lítilræði af kókaíni,“ segir þar. Fram kemur að sérsveit ríkislögreglustjóra hafi aðstoðað við handtökurnar.** **- óká**

„Að laða til sín það góða“

**Fræðslunámskeið í Heilsuborg**
**10. maí frá kl. 19.30–22.00**

- Fyrirlestur og happdrættisvinningar
- Frjáls aðgangur að tækjasal Heilsuborgar í eina viku
- 15% afsláttur af samnefndri bók Sirrýjar – eingöngu þetta kvöld!
- Verð aðeins kr. 2.900.- ATH. Síðast var uppselt!



*Sirrý er félags- og fjölmiðlafræðingur og hefur áralanga og farsæla reynslu af námskeiðahaldi í samskiptafærni.*

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Bæjarráðið óskar nánari upplýsinga frá manni sem vill halda ímyndaðar geitur:

# Sótti óvart um geitahald í Hafnarfirði

**DÝRAHALD** „Ég verð að leiðrétta þetta við bæinn,“ segir Jóhann Davíð Barðason sem sótti óvart um leyfi til að halda tvær geitur við hús í útjaðri Hafnarfjarðar.

„Þar sem nú hefur harðnað í ári hjá mörgum eftir efnahagshrunið þá hafa undirritaður og fjölskylda hans ákveðið að snúa sér meira að heimaræktun, bæði til að halda aftur af fjárútlátum og til að stuðla að bættri heilsu, við erum nú komin með fjölbreyttan matjurtagarð og lítið gróðurhús þar sem við ræktum flest það sem við borðum,“ segir Jóhann í bréfi sem hann skrifaði Guðmundi Rúnari Árnasyni bæjarstjóra.

Bréf Jóhanns var tekið fyrir á síðasta fundi bæjarráðs sem fól Guðmundi Rúnari bæjarstjóra að afla nánari upplýsinga um geitamálið. Jóhann segist hins vegar aldrei hafa ætlað að senda bréfið. Hann hafi fengið það verkefni í íslensku í Háskólanum í Reykjavík að skrifa formlegt bréf og óska eftir leyfi bæjaryfirvalda til að halda geiturnar tvær.

„Ég prentaði bréfið út í vinnunni og skildi eftir á borðinu. Vinnufélagi minn sem var að fara á bæjarskrifstofurnar sá þarna bréf til bæjarstjórans og kippti því bara með og skilaði inn fyrir mig,“ segir Jóhann og hlær.

Bæjaryfirvöld tóku sem sagt ekki fyrir að heimila geitahaldið heldur fólu æðsta embættismanni sínum að grennslast fyrir um áætlanir Jóhanns. „Ég er ánægður með hvað þetta er komið langt.“ **- gar**



**TVÆR GEITUR** Geitur eru kýr hinna fátæku og mjög skemmtilegar í samskiptum við menn, segir Jóhann Davíð Barðason í bréfi til bæjarstjórans í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/SBS




HK

## HK er Íslandsmeistari karla í handknattleik 2012

Við óskum karlaliði HK í handknattleik til hamingju með frábæran árangur sem skilaði þeim fyrsta Íslandsmeistaratitlinum.

Íslandsbanki er stoltur styrktaraðili HK.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

## GENGIÐ 07.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,41 | 125,01 |
| Sterlingspund | 201,2 | 202,18 |
| Evra | 162,21 | 163,11 |
| Dönsk króna | 21,809 | 21,937 |
| Norsk króna | 21,439 | 21,565 |
| Sænsk króna | 18,198 | 18,304 |
| Japanskt jen | 1,5574 | 1,5666 |
| SDR | 191,83 | 192,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,7092

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bráðabirgðaálit er á þá leið að Hlífar Vatnar Stefánsson sé sakhæfur:

# Ákærður fyrir hrottalegt morð

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Hlífari Vatnari Stefánssyni, 23 ára Hafnfirðingi sem varð fyrrverandi unnustu sinni að bana í húsi að Skúlaskeiði í Hafnarfirði í byrjun febrúar.

Hlífar kom sjálfur á lögreglustöðina í Hafnarfirði eftir morðið, í afar annarlegu ástandi, og átti erfitt með að gera sig skiljanlegan. Í kjölfarið fannst konan, sem var 35 ára, látin á heimili hans.

Aðkoman var mjög ljót og ljóst að konunni höfðu verið veittir banvænir áverkar á hálsi með eggvopni.

Hlífar hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan málið kom upp, fyrst á grundvelli rannsóknarhagsmuna en síðan vegna almannahagsmuna. Hann hefur gengist við því að hafa veitt henni áverkana en hefur gert tilraunir til að útskýra verknaðinn.

Hlífar hefur um nokkurt skeið verið í óreglu og var vel þekktur hjá lögreglunni í Hafnarfirði. Bráðabirgðaálit geðlæknа er á þá leið að hann sé líklega sakhæfur, en endanlegs geðmats er þó enn beðið. Þá liggur krufningarskýrsla ekki heldur fyrir. - sh



**Á VETTVANGI** Konan fannst látin í þessu húsi, þar sem Hlífar hafði búið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skæruliðar ráðast á herstöð:

## 20 sagðir fallnir í árás Al-Kaída

**JEMEN, AP Tuttugu jemenskir hermenn féllu í gær þegar skæruliðar tengdir Al-Kaída hryðjuverkanetinu gerðu árás á herstöð í Jemen.**

**Árásin var gerð nokkrum klukkustundum eftir að Fahd al-Quso, einn af leiðtogum Al-Kaída, féll í loftárás sem gerð var með ómannaðri bandarískri herflugvél. Skæruliðarnir réðust á herstöðina af landi og sjó og beittu bæði skotvopnum og handsprengjum. Að sögn yfirvalda í Jemen komust þeir undan með vopn og annan búnað úr herstöðinni.** - bj



**KOSIÐ** Talsverður fjöldi lagði leið sína á kjörstaði í Damaskus, höfuðborg Sýrlands, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosið til þings í Sýrlandi:

## Ekki leið til að stilla til friðar

**SÝRLAND, AP** Þingkosningar fóru fram í Sýrlandi í gær. Bashar Assad forseti segir kosningarnar mikilvægar til að koma á umbótum í landinu en uppreisnarmenn segja þær marklausan blekkingarleik sem ekki muni koma á friði í landinu.

Um 7.000 frambjóðendur kepptu um þau 250 þingsæti sem í boði voru. Sýrlenskar sjónvarpsstöðvar sýndu langar raðir við kjörstaði víða í landinu, en um 15 milljónir eru á kjörskrá.

„Andlit stjórnarinnar mun ekki breytast,“ sagði Mousab Alhamadee, einn talsmanna uppreisnarmanna í gær. „Stjórnin er eins og gömul kona sem reynir að yngja sig upp með snyrtivörum.“ - bj

**AKUREYRI**

### Samstarf við Denverborg

Von er á átján manna sendinefnd frá Denverborg til Akureyrar á morgun vegna væntanlegs samstarfs sveitarfélaganna. Yfirlýsing um samstarfið var samþykkt í bæjarráði Akureyrar síðastliðinn fimmtudag en hún fæst ekki afhent á bæjarskrifstofunni fyrr en formleg undirskrift er yfirstaðin.

# Mistókst að mynda stjórn

**Leiðtogar grísku stjórnmálaflokkanna hafa ekki langan tíma til að mynda nýja stjórn, þótt erfitt sé að sjá hvernig þeir ætli að fara að því. Skili viðræður ekki árangri þarf að efna til nýrra kosninga strax í júní.**

**GRIKKLAND** „Við reyndum allt mögulegt,“ sagði Antonis Samaras, leiðtogi íhaldsflokksins Nýs lýðræðis í Grikklandi í gær, eftir að hann gaf frá sér stjórnarmyndunarviðræður í landinu.

Eftir þingkosningarnar á sunnudag er flokkur hans orðinn fjölmennasti flokkurinn á gríska þinginu og fékk í krafti þess umboð til þess að mynda ríkisstjórn. Það tókst ekki og því fær næststærsti flokkurinn, Syriza, bandalag róttækra vinstri flokka, umboðið. Karolos Papoulias forseti ætlar að funda með Alexis Tsipras, leiðtoga Syriza, í dag. Hann hefur þó aðeins þrjá daga til þess að mynda stjórn. Flokkurinn hefur sagst stefna að því að mynda vinstri stjórn í landinu til þess að hafna fjárhagsaðstoð Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í núverandi mynd.

Takist það ekki fær jafnaðarmannaflokkurinn Pasok að spreyta sig, og ef ekkert gengur þá fær forseti landsins það hlutverk að kalla leiðtoga allra flokka á sinn fund í von um að geta komið saman þjóðstjórn. Skili sú tilraun engu þá verður að efna til kosninga á ný, og yrðu þær þá væntanlega haldnar strax í júní. Dagsetningin 17. júní hefur verið nefnd í því samhengi.

Vandinn er sá að um svipað leyti þurfa grísk stjórnvöld að skila af sér nákvæmri áætlun um niðurskurð upp á 14,5 milljarða evra fyrir árin 2013 og 2014.

Í júní stendur einnig til að Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn greiði Grikkjum 30 milljarða evra innborgun inn á neyðarlánin, sem eiga að tryggja að gríska ríkið geti borgað næstu afborganir af óheyrilegum skuldum sínum.

Vinstri flokkarnir þrír, Pasok, Syriza og Lýðræðislegi vinstri flokkurinn, eru aðeins með 112 þingmenn samtals og geta því ekki myndað meirihlutastjórn án þess að fá fjórða flokkinn til að slást í hópinn. Hvorki Kommúnistaflokkurinn né nýnasistar þykja stjórntækir og flokkur Sjálfstæðra Grikkja yrði væntanlega frekar óútreiknanlegur í stjórnarsamstarfi. Allir þessir flokkar hafa hins vegar lýst því yfir, að þeir vilji semja um breytingar á skilmálum fjárhagsaðstoðarinnar frá ESB og AGS, einnig flokkarnir tveir sem voru við völd nú í vetur og sömdu um skilmálana.

Líkurnar á því að stjórnmálakreppan í landinu dýpki enn og að aðrar kosningar verði haldnar í júní aukast því.

gudsteinn@frettabladid.is

### Niðurstöður þingkosninganna

**Nýtt lýðræði**
Stofnaður árið 1974 og hefur allar götur síðan ýmist farið einn með völdin í Grikklandi eða verið stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn. Var með 91 þingmann á síðasta kjörtímabili. Fær 50 aukaþingmenn núna sem stærsti flokkur landsins. **58 + 50**

**SYRIZA**
Bandalag róttækra vinstri flokka. Styður aðild að ESB en er í harðri andstöðu við þann harkalega niðurskurð á fjárlögum sem fylgt hefur fjárhagsaðstoð frá ESB og AGS. **52**

**PASOK**
Sósíaldemókrataflokkur Grikklands, stofnaður árið 1974 og hefur allar götur síðan ýmist farið einn með völdin í Grikklandi eða verið stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn. Fékk 160 þingmenn í síðustu kosningum árið 2009. **41**

**Sjálfstæðir Grikkir**
Flokkur hægri þjóðernissinna, stofnaður í febrúar síðastliðnum af Panos Kammenos, þingmanni Nýs lýðræðis, sem var rekinn úr flokknum. Hann hafnar öllum afskiptum útlendinga af málefnum Grikklands. **33**

**Kommúnistaflokkurinn**
Stofnaður árið 1918, heldur enn fast við harðlínumarxisma og stefnir að byltingu. Hefur ekki fengist til samstarfs við aðra flokka um neinar málamiðlanir. **26**

**Gyllt dögun**
Flokkur nýnasista. Vill reka alla ólöglega innflytjendur úr landi og loka grísk-tyrknesku landamærunum með jarðsprengjubelti. Félagar fara um landið með hótunum og ofbeldi. **21**

**Lýðræðislegi vinstriflokkurinn**
Evrópusinnaður flokkur vinstri manna, stofnaður árið 2010 með klofningi úr SYRIZA. Andvígur skilmálum fjárhagsaðstoðar ESB og AGS, en vill semja um öðruvísi skilmála. **19**



**STJÓRNARMYNDUNARVIÐRÆÐUR HAFNAR** Evangelos Venizelos, leiðtogi Pasok, gekk í gær á fund Antonis Samaras, leiðtoga Nýs lýðræðis. NORDICPHOTOS/AFP






## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**BEÐIÐ EFTIR SUMRI** Áfram svalt í veðri að deginum N- og A-til og næturfrost næstu daga. Hitinn þokast þó í rétta átt á fimmtudag og föstudag. Hægviðri víðast hvar og stöku skúrir SV- og V- til. Dálítil él NA-til í dag.



**Á MORGUN** Hæg breytileg átt.

**FIMMTUDAGUR** 3-8 m/s, hægast A-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 15° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 20° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 12° |
| París | 15° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

**EINSTÖK TILBOÐ!**



**VW Touareg V8**
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 59.000 km, sjálfskiptur

Ásett: 4.590.000
Tilboðsverð
**3.990.000,-**

# GLÆSTIR FERÐAFÉLAGAR MEÐ REYNSLU

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Audi Q7** 4.2
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 93.000 km, sjálfsk.

Ásett: 5.790.000
Tilboðsverð
**4.990.000,-**



**MM Pajero** 3,2 GLS 33"
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 94.500 km, sjálfsk.

Ásett: 4.590.000
Tilboðsverð
**4.090.000,-**



**MM Pajero** 3,5 GLS
Árg. 2002, bensín
Ekinn 212.000 km, sjálfsk.

Ásett: 1.490.000
Tilboðsverð
**990.000,-**



**MM Pajero** 3.5 GLS
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 161.000 km, sjálfsk.

Ásett: 2.390.000
Tilboðsverð
**1.990.000,-**



**MM Pajero** 3,8 Instyle
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 86.000 km, sjálfsk.

Ásett: 4.490.000
Tilboðsverð
**4.090.000,-**



**MM Pajero** 3.5 GLS
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 77.000 km, sjálfsk.

Ásett: 3.690.000
Tilboðsverð
**3.290.000,-**



**Nissan** Patrol 35"
4Motion, Árg. 2005, dísel
Ekinn 143.000 km, beinsk.

Ásett: 3.490.000
Tilboðsverð
**2.990.000,-**



**Nissan** Patrol Elegance
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 93.000 km, sjálfsk.

Ásett: 4.390.000
Tilboðsverð
**3.890.000,-**



**Porsche** Cayenne Turbo
Árgerð 2003, bensín
Ekinn 145.000 km, sjálfsk.

Ásett: 3.990.000
Tilboðsverð
**2.990.000,-**



**Suzuki** Grand Vitara
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 85.500 km, beinsk.

Ásett: 2.290.000
Tilboðsverð
**1.890.000,-**

**Toyota** Land Cruiser 150 Árg. 2010, dísel
Ekinn 20000 km, sjálfsk.

Ásett: 8.390.000
Tilboðsverð
**7.690.000,-**



HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

## KJÖRKASSINN



*Reykir þú, eða hefur þú einhvern tíma reykt?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 59,4% |
| NEI | 40,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ætlar þú að fylgjast með íslensku knattspyrnunni í sumar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Sigurður Einarsson fékk 430 milljónir í arð af hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi á árunum 2005 til 2008:

# Engar upplýsingar fyrir hendi um fjárhag Sigurðar

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Kaupþings hefur ekki tekist að afla sér neinna upplýsinga um fjárhagsstöðu Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns bankans, og hvort hann er borgunarmaður fyrir þeim 550 milljónum sem þrotabúið krefst að hann greiði því.

Þetta kom fram við aðalmeðferð í máli slitastjórnarinnar gegn Sigurði fyrir héraðsdómi í gær. Slitastjórnin krefst þess að Sigurður greiði 550 milljónir vegna persónulegra ábyrgða á lánum sem hann fékk til kaupa á bréfum í bankanum. Sigurður fékk raunar 5,5 milljarða að láni til slíkra kaupa en gert var sérstakt samkomulag um að ábyrgðin takmarkaðist við tíu prósent af upphæðinni. Sigurður endurnýjaði það samkomulag reglulega fram að hruni, einn starfsmanna sem þegið hafði slíkt lán frá bankanum.

Jafnframt kom fram í máli lögmanns slitastjórnarinnar að í árshlutauppgjöri Kaupþings árið 2008 hafi því verið haldið fram að lánakjör sem starfsmönnum bankans buðust hafi verið sambærileg þeim sem viðskiptavinir þáðu. Í ljós hefur komið að svo var ekki.

Sigurður var ekki viðstaddur aðalmeðferðina, frekar en fyrirtökur þess á fyrri stigum.

Þrátt fyrir að ekki lægju fyrir upplýsingar um fjárhagsstöðu Sigurðar benti lögmaður slitastjórnarinnar á að Sigurður hefði, eins og margir aðrir fyrrverandi stjórnendur bankans, fengið háar arðgreiðslur vegna hlutabréfaeignar í bankanum. Arðgreiðslurnar til Sigurðar námu í heild ríflega 430 milljónum króna á tímabilinu 2005 til 2008. **- sh, mh**



**MÆTTI EKKI** Sigurður Einarsson hefur aldrei mætt fyrir dóminn í þessu máli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


## KAUPTHING MANAGER SELECTION

Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 72.942
(hereafter referred to as the "SICAV")

**CONVENING NOTICE TO THE SHAREHOLDERS**

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of the SICAV to attend the Extraordinary General Meeting (the "Meeting") to be held at the registered office of the SICAV on 11 June 2012 at 10.00 a.m. with the following agenda:

- Change of the name of the SICAV into KATLA MANAGER SELECTION and change of the name of the following sub-funds:
  - KAUPTHING MANAGER SELECTION – GLOBAL EQUITY into KATLA MANAGER SELECTION – GLOBAL EQUITY
  - KAUPTHING MANAGER SELECTION – BRIC into KATLA MANAGER SELECTION – BRIC
- Amendment of the articles of association of the SICAV with regards to the Luxembourg law of 17 December 2010 relating to undertakings for collective investment and implementing the Directive 2009/65/EC
- Change of the consolidation currency of the SICAV from dollar of the United States of America to euro
- Rewriting of the articles of association of the SICAV
- Change of name of the share class A (C) EUR into share class C1
- Removal of the non-operational share classes A (D) EUR and A (D) ISK
- Merger of:
  - KAUPTHING MANAGER SELECTION – GLOBAL EQUITY A (C) ISK share class into KAUPTHING MANAGER SELECTION – GLOBAL EQUITY C1 share class
  - KAUPTHING MANAGER SELECTION – BRIC A (C) ISK share class into KAUPTHING MANAGER SELECTION – BRIC C1 share class.

  with effect on 11 June 2012 or a later date decided by the shareholders' meeting.

  Shareholders of A (C) ISK share classes of KAUPTHING MANAGER SELECTION – GLOBAL EQUITY and KAUPTHING MANAGER SELECTION – BRIC A opposed to the aforesaid conversion may request the redemption of their shares without deduction of redemption fee as from 8 May 2012 to 8 June 2012.

  The share exchange parity will be valued on the basis of the net asset value of the A (C) ISK share class and the A (C) EUR share class dated the day following the extraordinary general meeting deciding on the merger of the A (C) ISK share class of the respective sub-funds. The independent authorised auditor of the SICAV by conducting its legal audit mission will verify the share exchange parity. Fees relating to the merger of the share classes will be borne by Arion Banki HF.

Shareholders are advised that a quorum of fifty percent of the share capital of the SICAV is required for the Meeting and that decisions will be taken by a majority of two thirds of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the SICAV. Shareholders who wish to attend the Meeting must inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 –ifs.fds@bdl.lu) at least five calendar days before the Meeting.

Shareholders may consult the draft updated prospectus and articles of association with the registered office of the SICAV or Banque de Luxembourg (14, boulevard Royal, L-2449 Luxembourg).




**SMÁLÁNASÍÐUR** Nýju smálánafyrirtækin bjóða lán að fjárhæð allt að 100.000 krónum til 30 daga eða skemur. Vextirnir af lánunum eru mjög háir, hundruð ef ekki þúsund prósenta á ársgrundvelli.

# Ætti að skoða hvaða hópar taka smálán

**Smálán geta aukið vanda þeirra sem eru illa staddir segir formaður Velferðarvaktarinnar. Erfitt gæti reynst að rannsaka hverjir nýta sér þjónustuna. Lögmaður Kredia fagnar lagasetningu en telur stjórnvöld ætla að ganga of langt.**

**FJÁRMÁL** Eðlilegt væri að rannsaka hvaða þjóðfélagshópar nýta sér helst þjónustu smálánafyrirtækja, enda ljóst að slík lán geta aukið mjög á vanda fólks sem er komið í öngstræti með sín fjármál, segir Lára Björnsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar.

Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær hefur smálánafyrirtækjum sem starfa hér á landi fjölgað úr tveimur í fimm á síðustu mánuðum, auk þess sem nýju fyrirtækin lána hærri upphæðir. Áður var að hámarki hægt að fá 40 þúsund krónur lánaðar í einu hjá hverju fyrirtæki, en nýju fyrirtækin þrjú bjóða öll upp á allt að 100 þúsund króna lán.

Lára segir ásókn í lánsfé hafa komið ýmsum í vanda á síðustu árum. Nú þegar bankar fari mun varlegar í að lána fé skjóti skökku við að smálánafyrirtækin auki við útlán sín.

### Segir ný lög geta slegið á „gróusögur"

Haukur Örn Birgisson, lögmaður Kredia, sagði í samtali við fréttavefinn Vísi að Kredia fagnaði því að setja ætti lög um starfsemina. Það gæti orðið til þess að „gróusögur" um starfsemina hætti.

Hann segir frumvarp Steingríms þó ganga of langt. Það sé í raun aðlögun að evrópskri tilskipun sem nái aðeins til lána yfir 200 evrum, sem samsvarar um 33 þúsund krónum. Haukur segir í samtali við Vísi að heppilegra væri að miða við sömu upphæð í íslenskum lögum.

Lítið er vitað um þann hóp sem tekur lán hjá smálánafyrirtækjum, og ákveðnum vandkvæðum bundið að rannsaka það, segir Lára. Þannig sé með öllu óvíst að Persónuvernd myndi heimila rannsóknir til að leiða í ljós hvaða hópar nýta sér þjónustuna.

Tvö smálánafyrirtæki, Kredia og Hraðpeningar hafa verið starfandi frá árinu 2009, en þrjú til viðbótar hafa bæst við á árinu. Samkvæmt ársreikningi Hraðpeninga hagnaðist fyrirtækið um 14,3 milljónir króna á árinu 2010, sem var fyrsta heila starfsár fyrirtækisins. Kredia hefur enn ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2010.

Frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um neytendalán liggur nú fyrir Alþingi, en óvíst er hvenær það kemst á dagskrá þingsins.

**brjann@frettabladid.is**
**magnusl@frettabladid.is**


## Endurvinnslustöðvar SORPU, útboð.

### SORPA bs óskar eftir tilboðum í verkið:

***„Gámaleiga, flutningar og losun gáma frá endurvinnslustöðvum SORPU bs"***

Samningstími er frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015 eða til 31. desember 2017, en mögulegt er að bjóða til þriggja ára og/eða til fimm ára.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Verkefnið felst í útvegun opinna og lokaðra gáma, pressugáma, grinda og kerja, **alls 263** stk ásamt því að sjá um flutning og losun úrgangs sem berst til endurvinnslustöðvanna.

Meginverkefni verktaka er að tryggja að á endurvinnslustöðvum SORPU séu ávallt til reiðu gámar fyrir mismundandi tegundir úrgangs. Mismikið berst til stöðvanna eftir vikudögum, árstíðum og veðri.

**Árið 2011 bárust alls um 29.000 tonn.**

Heimilt er að bjóða í eina eða fleiri endurvinnslustöðvar. Samningar geta því orðið einn eða fleiri, allt að sex.

Afhending útboðsgagna verður á bílavoginni við móttökustöð SORPU bs í Gufunesi, 112 Reykjavík, frá þriðjudeginum 8. maí kl. 13:00, gegn kr. 15.000.- gjaldi. Gögnin eru á geisladiski.

Tilboð skulu hafa borist á skrifstofu SORPU bs Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík, eigi síðar en **fimmtudaginn 28. júní 2012 kl. 11:00** og verða þau opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.


Talsmaður Huang Nubo segir unnið að stofnun félags til að semja við stjórnvöld:

# Eðlilegt að taka eitt skref í einu

**VIÐSKIPTI** Unnið var að því í gær að stofna íslenskt félag í eigu fjárfestingafélags kínverska athafnamannsins Huangs Nubo, segir Halldór Jóhannsson, umboðsmaður Huangs á Íslandi.

Stofnun félagsins er forsenda þess að viðræður við stjórnvöld um gerð ívilnunarsamnings geti hafist. Aðeins með gerð slíks samnings getur félagið fengið undanþágu frá lagaákvæðum sem banna félögum í eigu erlendra einstaklinga eða fyrirtækja að leigja land til langs tíma hér á landi.

Halldór segir að ákveðið hafi verið að taka eitt skref í einu við undirbúnings þessa máls eftir því sem málinu vindur fram. Nú sé kominn tími til að stofna félag Huangs hér á landi, sem hafi ekki verið tímabært fyrr en stjórnvöld hafi lýst áhuga á að gera ívilnunarsamning.

Huang áformar að leigja jörðina Grímsstaði á Fjöllum til 40 ára af félagi í eigu sveitarfélaga á svæðinu. Þar áformar hann að byggja upp hótel og ferðatengdan rekstur. Til stendur að leggja um 16,5 milljarða króna í verkefnið, og stefnt er að því að hótelið verði tilbúið árið 2016. **- bj**



**HUANG NUBO** Auk hótels ætlar Huang Nubo að koma upp ýmiss konar afþreyingu, til dæmis laugum, reiðleiðum, golfvelli og fleiru.

HAPPDRÆTTI das

# 70 MILLJÓNIR Á MÁNUÐI

## 52 ÚTDRÆTTIR Á ÁRINU!

## DREGIÐ Á FIMMTUDAGINN UM MILLJÓNAVINNINGA!

**Alls er dregið um 47 þúsund vinninga á árinu að heildarverðmæti 844 milljónir kr.**

### FIMM X RANGE ROVER EVOQUE!

Á tvöfaldan miða getur þú unnið Range Rover Evoque að verðmæti **10 milljónir kr.** eða **10 milljónir** í peningum.

**Miðaverð 2.200 kr. á mán. fyrir tvöfaldan miða.**



### FIMM X NISSAN QASHQAI!

Á einfaldan miða getur þú unnið Nissan Qashqai að verðmæti **5 milljónir kr.** eða **5 milljónir** í peningum.

**Miðaverð 1.100 kr. á mán. fyrir einfaldan miða.**






Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.

**KAUPTU MIÐA**
**OG STYRKTU GOTT MÁLEFNI!**

*dregið í hverri viku*

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 58258 05/12

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu margir Íslendingar hafa gefið í söfnun UNICEF fyrir nauðstadda á Sahel-svæðinu?
2. Hver verður næsti forseti Frakklands?
3. Hvaða lið lagði HK að velli í úrslitum Íslandsmótsins í handknattleik karla?

SVÖR:

1. Um 7.000 2. François Hollande 3. FH

Reykjavíkurborg ætlar að fá sparneytnari og umhverfisvænni bíla:

# Kaupir bíla fyrir 300 milljónir

**SAMGÖNGUR** Reykjavíkurborg hyggst kaupa nýja bíla fyrir rúmlega 300 milljónir í ár. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að tilgangurinn með því að kaupa nýja bíla sé að fá sparneytnari og umhverfisvænni bíla í flotann og samnýta bílana betur. Erindi frá framkvæmda- og eignasviði borgarinnar var afgreitt í borgarráði á fimmtudaginn.

„Þetta eru bílar af öllum sviðum borgarinnar. Við erum að fara í aukna samnýtingu þannig að við erum að fækka bílum um 30% og erum að kaupa sparneytnari og umhverfisvænni bíla ef útboðin ganga eftir eins og við viljum,“ segir Dagur. Innkaupaskrifstofa mun undirbúa útboð og Dagur vonast til þess að ferlið fari í gang sem fyrst. Samningar vegna bílakaupanna verða boðnir út í fleiri en einu útboði.

Flestir bílar í bílaflota Reykjavíkurborgar voru reknir með rekstrarleigusamningi allt fram að hruni. Dagur segir að þá hafi slíkum rekstrarleigusamningum verið sagt upp og eftir það hafi þurft að hugsa bílamálin upp á nýtt. Þá hafi verið unnið að því að fækka bílum, auka samnýtingu og fá bíla sem væru hagstæðari í rekstri. - jhh



DAGUR B. EGGERTSSON

Suðurlandsvegur lagfærður:

# Áætla verklok í júlímánuði

**VEGAGERÐ** Vinna er að hefjast við breytingar á Suðurlandsvegi milli Bláfjallavegar og Litlu-Kaffistofunnar, að því er fram kemur á vef Vegagerðar Íslands.

„Unnið verður við frágang við Litlu-Kaffistofuna og einnig verður akbrautin í austur breikkuð og lagfærð,“ segir í frétt Vegagerðarinnar. Fram kemur að verkinu eigi að ljúka í júlí næstkomandi, samkvæmt áætlun. „Vegfarendur eru beðnir að aka varlega um framkvæmdasvæðið og virða merkingar um hámarkshraða.“ - óká



**KLIPPT Á BORÐANN** Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi og Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, stjórnarformaður Norrænu upplýsingaskrifstofunnar, klipptu á borðann. MYND/EVRÓPUSTOFA

Nýtt útibú á Akureyri:

# Evrópustofa opnar nyrðra

**EVRÓPUMÁL** Evrópustofa opnaði upplýsingamiðstöð á Akureyri í gær. Miðstöðin er til húsa í Norrænu upplýsingaskrifstofunni við Kaupvangsstræti.

Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi og Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, stjórnarformaður Norrænu upplýsingaskrifstofunnar, klipptu á borðann við vígsluna. Í miðstöðinni hafa gestir aðgang að upplýsingum og kynningarefni um ESB, en einnig var opnuð plakatasýning á Glerártorgi þar sem ESB er útskýrt í máli og myndum. Evrópustofa stendur fyrir fjölda viðburða í Evrópuviku sem nú stendur yfir. - þj

# Óvíst að saksókn efnahagsbrota eftir hrunið skili miklu

**Norrænir afbrotafræðingar sækja 50 ára afmælisráðstefnu Norræna sakfræðiráðsins. Reynsla Norðmanna úr bankakreppunni á tíunda áratugnum forðaði þeim frá því að vera í sömu sporum og Íslendingar 2008.**

**RANNSÓKNIR** Miðað við reynslu Norðurlandaþjóða eftir bankahrun í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar ættu Íslendingar ekki að vænta þess að saksókn efnahagsbrota eftir bankahrunið hér 2008 skili miklum dómum. Þetta segir Paul Larsson, prófessor við Politihøgskolen í Ósló, en hann var meðal þeirra sem fluttu erindi á 50 ára afmælisráðstefnu Norræna sakfræðiráðsins á Hótel Selfossi í gær. Ráðstefna ráðsins, sem hér á landi er vistað hjá Lagastofnun Háskóla Íslands, hófst á sunnudag og lýkur í dag.



PAUL LARSSON

Larsson segir það hafa komið í ljós, að vegna þess hversu flókin efnahagsbrot eru og sönnunarfærsla þung hafi saksókn í fæstum tilvikum skilað sér í sakfellingu eftir þrengingarnar sem bankar í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku gengu í gegn um á árunum í kring um 1990. „Ég hef sjálfur skoðað skjöl frá skattinum í Noregi á þessum tíma. Þar var á einu skjali skrifað á spássíuna: *Við vitum að þetta eru glæpamenn, en hvernig í ósköpunum eigum við að sanna það fyrir dómi?*“ segir Larsson. Íslendingar verði að verða viðbúnir því að dómar sem hér falla snúi að stórum hluta að „smærri“ afbrotum á borð við bókhaldsbrot, fremur en að stórþjófnaði.

Larsson segir að í viðræðum hans við sérfræðinga í fjármálageiranum í Noregi hafi komið fram mat þeirra að Noregur hefði getað verið í sporum Íslands árið 2008 ef ekki hefði verið fyrir bankakreppuna ´89 og ´90. Umbætur í regluverki og eftirliti og auknar kröfur sem gerðar hafi verið til fjármálafyrirtækja eftir þær þrengingar hafi hins vegar forðað Norðmönnum frá því.

Í erindi sínu á ráðstefnunni í gær fjallaði Larsson um hversu fjölþætt eftirlit er með efnahagsbrotum og afbrotum fyrirtækja, en það sé ekki eingöngu á hendi lögreglu, heldur margvíslegra stofnana og jafnvel einkafyrirtækja. Þróunin síðustu ár hafi því verið í þá átt að vægi stjórnsýsluaðgerða hafi aukist. „Það er enda mun auðveldara og fljótlegra að beita viðurlögum á þeim vettvangi, svo sem sektum eða leyfissviptingum, en að fara með mál í gegnum lögreglurannsókn og fyrir dómstóla,“ segir Larsson. „Aðrar leiðir eru því skilvirkari en dómstólaleiðin.“



**Á SELFOSSI** Helgi Gunnlaugsson, prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, og aðrir gestir hlýða á opnunarræðu Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra á 50 ára afmælisráðstefnu Norræna sakfræðiráðsins á Hótel Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

> Við vitum að þetta eru glæpamenn en hvernig í ósköpunum eigum við að sanna það fyrir dómi?
>
> PAUL LARSSON
> PRÓFESSOR VIÐ POLITIHØGSKOLEN

Helgi Gunnlaugsson, prófessor við félagsvísindadeild Háskólans, segir ráðstefnu Norræna sakfræðiráðsins óvenju veglega að þessu sinni þar sem um afmælisráðstefnu sé að ræða. „Og gaman að það hitti á formennskutíð Íslands í ráðinu,“ segir hann. Um það bil 15 koma til ráðstefnunnar frá hverju aðildarlanda ráðsins, eða milli 70 og 80 manns í allt, að mati Helga.

olikr@frettabladid.is




AÐSTOÐAR VERSLUNARSTJÓRI

Nettó Hverafold leitar að öflugum aðstoðarverslunarstjóra

Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á hverafold@netto.is.

Allar nánari upplýsingar veitir Hallgrímur Ástráðsson, verslunarstjóri í síma 861-5463.

Umsóknarfrestur er til og með 13. maí nk.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

nettó


Vörur sem innihalda efni sem geta valdið ofnæmi:

# Níu sinnum þurft að innkalla vöru

**NEYTENDAMÁL** Það sem af er ári hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur níu sinnum þurft að innkalla matvörur þar sem skortur er á merkingu um að vara innihaldi efni sem geta valdið ofnæmi eða óþoli. Dæmi er um að barn hafi fengið ofnæmisviðbrögð eftir að hafa borðað smáköku sem innihélt hnetur en ekkert stóð á umbúðunum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sendi síðast í gær frá sér tilkynningu um innköllun matvöru. Um var að ræða smákökur með súkkulaðibitum en á umbúðirnar vantaði upplýsingar um að í þeim væri sojaafurð sem getur verið ofnæmis- og óþolsvaldandi. Það sem af er ári hefur eftirlitið níu sinnum þurft að innkalla vörur vegna skorts á réttum merkingum. Þannig hefur til dæmis vantað upplýsingar um að í vörum hafi verið glúten, mjólk og krabbakjöt.

Fríða Rún Þórðardóttir situr í stjórn Astma- og ofnæmisfélagsins. Hún segir gríðarlega mikilvægt að matvæli séu rétt merkt.

„Auðvitað er þetta misalvarlegt og það er hægt að vera með óþol og með ofnæmi. Eins og í tilfelli hnetuofnæmis þá er það bara lífshættulegt að lenda í slíku og fólk þarf alltaf að hafa allan vara á.“

Þá segir hún tilkynningum til félagsins vegna rangra merkinga hafa fjölgað.

„Þetta hefur greinilega aukist en ég held að það sé líka það að fólk er orðið meðvitaðra og fólk er öflugra í því að tilkynna og fólk veit hvert það á að tilkynna en það hjálpar okkur að komast fyrir þetta.“ - lvp



**HNETUR** Dæmi eru um að börn hafi fengið ofnæmisviðbrögð eftir að hafa borðað smákökur sem innihéldu hnetur en slíkt var ekki merkt á umbúðir.


TÖFRAR
FRÁ MEXÍKÓ
ORIGINAL SOFT
TORTILLA
FAJITA
SPICE MIX
GREEN JALAPEÑO
CHUNKY SALSA
TEX MEX
Santa Maria
BONUS
HAGKAUP



**DAGLEGT LÍF Í DÝRAGARÐI** Þessi apaungi hélt fast í móður sína í dýragarði í Kúala Lúmpúr í Malasíu í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lyfið Pandemrix gegn svínaflensu hefur ekki jafn alvarlegar aukaverkanir og talið var:

# Bólusetning gegn svínaflensu ótengd fósturláti

**HEILBRIGÐISMÁL** Bólusetning þungaðra kvenna með lyfinu Pandemrix gegn svínainflúensu veldur ekki fósturláti, er niðurstaða danskrar rannsóknar.

Rannsóknarniðurstöðurnar voru birtar í hinu virta tímariti British Medical Journal (BMJ) þann 2. maí. Þetta kemur fram í frétt á vef landlæknis.

Talsverðar umræður hafa verið um alvarlegar aukaverkanir af völdum Pandemrix-bólusetningar gegn svínainflúensu sem fram fór á árunum 2009/2010. Mest áberandi hafa umræðurnar verið um þátt bólusetningarinnar í drómasýki (narcolepsy) hjá ungum einstaklingum. Í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Írlandi hefur verið sýnt fram á tengsl bólusetningarinnar við drómasýki og er áhættan í þessum löndum talin hafa verið um 3-6 tilfelli af hverjum 100.000 bólusettum. Í öðrum löndum og þar á meðal Íslandi hefur ekki verið hægt að sýna fram á þessa áhættu.

Sóttvarnalæknir vill minna á í þessu samhengi að svínainflúensan 2009/2010 var ekki léttvægur sjúkdómur.

Um 200 einstaklingar voru lagðir inn á sjúkrahús, um 20 þeirra lágu alvarlega veikir á gjörgæsludeild til langs tíma og að minnsta kosti tveir létust.

Að mati sóttvarnalæknis er fullvíst að útbreidd bólusetning á Íslandi gegn svínainflúensunni hafi komið í veg fyrir alvarleg veikindi hjá fjölda Íslendinga. - shá



**BÓLUSETNING** Engin tengsl fundust á milli bólusetningar og fósturláts. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM













**GULRÆTUR** Nýja lyfið við Gauchers-sjúkdómnum er framleitt í gulrótum og hefur í tilraunum reynst jafn vel og eldri lyf.

# Lyf ræktað í gulrótum er komið í sölu

**Lyfjaeftirlit Bandaríkjanna hefur samþykkt fyrsta lyfið sem búið er til með sameindaræktun. Lyfið er framleitt í gulrótum. ORF Líftækni beitir svipaðri tækni til framleiðslu á líftæknipróteinum í byggi.**

**IÐNAÐUR** Lyfjaeftirlit Bandaríkjanna (FDA) hefur samþykkt markaðssetningu á fyrsta lyfinu sem búið er til í erfðabreyttum plöntum með sameindaræktun. Íslenska líftæknifyrirtækið ORF Líftækni notar sambærilega tækni við framleiðslu próteina í byggi.

Lyfið sem um ræðir heitir Elelyso og er framleitt af lyfjarisanum Pfizer, undir leyfi frá ísraelska líftæknifyrirtækinu Protalix Biotherapeutics, sem tókst að framleiða ensím í frumum gulróta. Fyrirtækið er fyrst í heiminum til að koma á markað lyfi sem framleitt er í erfðabreyttum plöntum.

Fyrir heilbrigðisvísindin er um mikil tíðindi að ræða. Með því að nýta erfðatækni í plöntum tókst Ísraelunum að leysa tæknilegt vandamál sem fylgir framleiðslu á þessu lyfi og geta nú boðið lyf við hinum alvarlega Gaucher-sjúkdómi á mun hagstæðara verði en áður var hægt.

Lyfið Elelyso er þó aðeins byrjunin á framleiðslu öflugra líftæknilyfja með nýtingu þessarar tækni því mörg önnur lyf eru í þróun sem byggja á nýtingu erfðabreyttra plantna.

ORF Líftækni, sem er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Evrópu, var fyrsta fyrirtækið í heiminum til að koma vöru á almennan neytendamarkað sem byggir á þessari tækni, en nokkuð er um liðið síðan EGF-húðdroparnir voru markaðssettir, en þeir eru framleiddir hjá dótturfyrirtæki ORF, Sif Cosmetics.

Eiríkur Sigurðsson, upplýsingafulltrúi ORF, segir að til lengri tíma litið horfi fyrirtækið til þeirra möguleika sem felast í því að nota erfðabreyttar plöntur í lyfjaþróun. „Ástæðan er að tæknin býður upp á hreinni og ódýrari afurðir en núverandi kerfi sem byggja flest á framleiðslu í erfðabreyttum bakteríum eða í spendýrafrumum. Þróun nýrra lyfja er hins vegar ákaflega tímafrekt og áhættusamt ferli sem við hyggjumst ekki fara út í upp á eigin spýtur.“

ORF Líftækni mun á næstu árum beina kröftunum að framleiðslu frumuvaka fyrir snyrtivörur og fyrir læknisfræðilegar rannsóknir, svo sem stofnfrumurannsóknir, en um ört stækkandi markað er að ræða í báðum tilvikum.

svavar@frettabladid.is


**KAUPTHING FUND**

Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002
(hereafter referred to as the "SICAV")

**NOTICE TO THE SHAREHOLDERS**

Shareholders of the SICAV are hereby informed that the Board of Directors decided with effect on 11 June 2012 to change the nature of distribution share classes A and B of KAUPTHING FUND – GLOBAL VALUE sub-fund into **capitalisation** share classes A and B of same sub-fund.

Shareholders of KAUPTHING FUND – GLOBAL VALUE sub-fund who do not agree with this amendment may redeem their shares, free of redemption charge, from 8 May 2012 to 8 June 2012.

An up-dated prospectus of the SICAV is available free of charge at the registered office.

Luxembourg, 8 May 2012 The Board of Directors

# GÓÐUR VINUR

## LEYNIST INNRA MEÐ ÖLLUM - LÍKA ÞÉR

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 560 4800**

## DRÖGUM Í DAG

Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd og eiga vini sem styðja og styrkja.
SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.

500 milljónir dreifast til heppinna SÍBS vina 2012.
- veldu þér vinanúmer í síma **560 4800** eða á **sibs.is**

HAPPDRÆTTI SÍBS ... *fyrir lífið sjálft*

13.368 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð: **1.100 kr.**

H:N Markaðssamskipti / SÍA

## SAUÐBURÐUR Á BÆNUM GRENJUM Á MÝRUM



**MÁTTFARIN** Von var ósköp veikburða fyrst þegar hún kom í heiminn, en móðir hennar og Jóhannes bóndi hlúðu að henni. MYNDIR/EVA ÞENGILSDÓTTIR



**BRAGGAST FLJÓTT** Von rankaði fljótt við sér. Móra karar hér lambið sitt og stóra systir, Glæta, fylgist með.



**FYRSTU SKREFIN** Von var fljót á fætur og tók fyrstu skrefin í góða veðrinu.

# Kraftaverkagimbrin Von frá Grenjum braggast vel

**Litlu munaði að gimbrin Von lifði ekki til að opna augun þegar hún kom í heiminn á sunnudag. Bóndinn Jóhannes V. Oddsson á bænum Grenjum á Mýrum hafði hins vegar snör handtök og allt fór vel.**

Sauðburðurinn var í fullum gangi á Grenjum þegar Jóhannes varð þess var að eitthvað bjátaði á hjá ánni færeysku Móru. Hún hafði þegar borið gimbur sem komin var á stjá, en seinna lambið lét bíða eftir sér.

„Það stóð eitthvað á henni, en maður lærði réttu handtökin á námskeiði í Landbúnaðarháskólanum. Þetta gekk nú vel og Móra var spök.“

Þegar gimbrin var komin í heiminn hlúði móðir hennar að henni og Jóhannes gaf greyinu slurk af vítamíni og fyrr en varði reisti sú stutta sig upp og tók sín fyrstu hikandi skref.

Fimmtíu ær eru á Grenjum og sauðburðurinn stendur nú einmitt sem hæst. Allt gengur þó eins og best verður að sögn bóndans og Von braggast vel.

„Hún er eldhress núna og þýtur hér um túnið,“ segir Jóhannes.

thorgils@frettabladid.is



**FJÖREFNI** Jóhannes gaf Von dreitil af vítamíni, sem hjálpar lömbunum að braggast. Móra hnusar af greyinu litla og Glæta stendur álengdar.



**HRESS AF STAÐ** Von braggast afar vel og er farin að hlaupa um túnin.




# Erfið verk bíða nýja Frakklandsforsetans

**Francois Hollande mun ekki sitja auðum höndum fyrstu daga og vikur í embætti forseta Frakklands. Fyrir utan glímuna við Angelu Merkel Þýskalandskanslara um aðhaldsaðgerðir bíða hans leiðtogafundir í röðum.**

**FRAKKLAND** Markaðir í Evrópu brugðust í gær illa við úrslitum forsetakosninganna í Frakklandi og þingkosninganna í Grikklandi. Evran féll gagnvart dollar og pundi og verðbréf lækkuðu nokkuð í verði.

Beðið er eftir því hvaða áhrif þessi úrslit hafa á fjármál evruríkjanna, því bæði virðast aðhaldsaðgerðir grísku stjórnarinnar komnar í uppnám og svo hefur Francois Hollande, nýkjörinn Frakklandsforseti, gefið hátíðleg loforð um að draga verulega úr aðhaldsaðgerðum og semja upp á nýtt um fjármálareglur evruríkjanna.

Angea Merkel Þýskalandskanslari tekur hins vegar ekki í mál að semja upp á nýtt: „Í Evrópusambandinu er það grundvallaratriði að eftir kosningar, hvort sem þær eru stórar eða smáar í sniðum, þá semjum við ekki upp á nýtt um það sem búið er að samþykkja.“

Hún segist þó reikna með að eiga langar og strangar vinnustundir með nýjum Frakklandsforseta næstu vikur og mánuði.



**NÝJU FORSETAHJÓNIN** Francois Hollande fagnaði sigri ásamt Valerie Trierweiler á fundi með félögum sínum í Sósíalistaflokknum á sunnudagskvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Francois Hollande tekur við forsetaembætti Frakklands á þriðjudaginn í næstu viku, og ekki skortir hann verkefnin fyrstu dagana því nú þegar hefur honum verið boðið í heimsókn til Baracks Obama Bandaríkjaforseta í Washington. Í beinu framhaldi af því mætir hann á leiðtogafund G8-ríkjanna í Camp David og strax að honum loknum heldur hann á leiðtogafund NATO í Chicago.

Að því búnu getur hann haldið áfram glímunni við Angelu Merkel og lamandi skuldakreppu evruríkjanna.

gudsteinn@frettabladid.is




Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Atlantsolía | Lónsbraut 2 | 220 Hafnarfjörður | Sími 591-3100

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Í leikskólum er unnið eftir námskrá:

## Kennslu þarf að undirbúa

Leikskóli er skilgreindur sem fyrsta skólastig barna. Þeir starfa samkvæmt námskrá þannig að litið er svo á að börn sæki menntun í leikskóla þótt ekki sé um skólaskyldu að ræða. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar rætt er um leikskóla og þarf ekki að þýða að augunum sé lokað fyrir því hlutverki sem leikskólinn gegnir líka, að gæta barna meðan foreldrar þeirra stunda vinnu sína.

Umræða um leikskóla hefur þó mikla tilhneigingu til að snúast um opnunartíma. Sumarlokun og starfsdagar eru þannig málefni sem oftar koma upp í umræðunni heldur en menntunin og uppeldið sem börnin hljóta í leikskólanum.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Samtök atvinnulífsins hafa gagnrýnt skipulagsdaga á leikskólum. Bent hefur verið á að þessum dögum hefur fjölgað undanfarin ár og nú hafa samtökin reiknað út að kostnaður vegna þessarar fjölgunar starfsdaga nemi fjórum milljónum króna sem bitni bæði á atvinnulífinu og heimilum í landinu. Bent er á að kostnaður sveitarfélaga við að greiða starfsfólki leikskóla yfirvinnukaup fyrir að sinna samráði utan vinnutíma síns væri til muna minni. Sú gagnrýni á rétt á sér. Það er eðlilegt að ræða hvernig þessum hlutum er fyrirkomið og á hvern kostnaður fellur. Til dæmis hafa Samtök atvinnulífsins bent á að ef foreldri þarf að nota frídag vegna allra sex starfsdaga leikskólaársins þá sé farinn nærri þriðjungur af orlofsdögum þeirra sem minnstan eiga orlofsréttinn. Þá eiga sömu foreldrar eftir að fara í sumarleyfi með börnum sínum.

Samtök atvinnulífsins falla hins vegar því miður í þá gryfju að draga í efa að starfsdagarnir séu nauðsynlegir. Í frétt sem birtist á vefsíðu samtakanna fyrir rúmri viku segir til dæmis: „Eðlilega er spurt hver sé ávinningur með þessum starfsdögum og hvernig til hafi tekist varðandi umönnun barnanna áður en skipulagsdagar voru teknir upp.“ Þetta er tilbrigði við klassískt stef þegar rök gegn breytingum þrýtur, að segja að þetta hafi nú bara verið gott og þess vegna þurfi engu að breyta. Þarna endurspeglast líka mikið virðingarleysi við það starf sem fram fer í leikskólum.

Staðreyndin er hins vegar sú að auk þess sem leikskólinn hefur verið formlega skilgreindur sem skólastig þá aukast stöðugt kröfur foreldra til þess starfs sem þar fer fram. Leikskólakennarar eru vissulega með skilgreindan undirbúningstíma í sínum samningi en sá tími nemur um tíu prósentum af vinnutíma þeirra. Aðrir starfsmenn hafa enn minni eða engan skilgreindan undirbúningstíma. Samt eru gerðar kröfur um að unnið sé skipulegt og faglegt starf eftir námskrá í leikskólum, auk þess að sinna líkamlegum og tilfinningalegum þörfum barnanna.

Leikskólakennarar og starfsfólk leikskóla á auðvitað, eins og annað vinnandi fólk, að geta sinnt þessum undirbúningi innan skilgreinds vinnutíma síns. Hitt er annað mál, og undir það má taka með Samtökum atvinnulífsins, að meiri metnaður væri í því hjá sveitarfélögum að hafa mönnun leikskólanna með þeim hætti að slíkur undirbúningur og samráð gæti farið fram án þess að börnin þyrftu að vera heima á meðan.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rannsóknarefni

Íslenskur byggingavörumarkaður er bráðskemmtilegur. Ekki alls fyrir löngu skiptu Húsasmiðjan og Byko honum bróðurlega á milli sín og kepptu um viðskiptavini. Það gat að sjálfsögðu ekki leitt til annars en að nú eru bæði fyrirtækin til rannsóknar hjá samkeppnisyfirvöldum og lögreglu. Eigandi Múrbúðarinnar blandaði sér í baráttuna með miklum bægslagangi og uppskar meiðyrðamálsókn frá Byko-mönnum. Enn er ekki kominn botn í það mál.

### Bannað

Og nú er enn ein deilan risin, eftir að forstjóri Húsasmiðjunnar sagðist ætla að kæra auglýsingar þýska gleðispillisins Bauhaus til Neytendastofu. Bauhaus auglýsir nefnilega lægsta verð á landinu, sem forstjóri Húsasmiðjunnar er skiljanlega ósáttur við, enda eru lýsingarorð í efsta stigi ekki heimil í íslenskum auglýsingum.

### Tittlingaskítur og væl

„Mér finnst þetta nú vera tittlingaskítur og væl í þessum forstjórum,“ segir Halldór Sigurðsson, forstjóri Bauhaus á Íslandi, ekki á þeim buxunum að auglýsa reglum samkvæmt. Ef fram heldur sem horfir verða öll fyrirtæki sem höndla með byggingavörur á Íslandi fljótlega búin að fá á sig áfellisdóm af einhverju tagi frá opinberum aðilum. Og svo mun stríðið eflaust halda áfram. En það heppilega er að þar eigast þeir einir við sem fæstir hirða hverjir drepast.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Fyrir fjölskylduna

Fjársöfnun SÁÁ



Björn Valur Gíslason

alþingismaður

Á misjöfnu þrífast börnin best. Eða svo er sagt og í því sambandi oft vísað til þess að blessuð börnin hafi ekkert nema gott af því að upplifa misjafnar aðstæður og mótlæti til að geta notið lífsins betur á fullorðinsárum. Það er jafnvel stundum gefið í skyn í þessu samhengi að forsenda þess að geta liðið vel sé að hafa áður upplifað vansæld og vanlíðan.

Ég veit sjálfur ekki til þess að nokkru barni hafi verið greiði gerður með því að búa við drykkjuskap, heimilisofbeldi og aðra óumflýjanlega fylgifiska alkóhólismans. Ég á erfitt með að trúa því að slík lífsreynsla hafi nokkru sinni aukið hamingju barns eða gert það færara til að takast á við lífið á fullorðinsárum. Þó eru það svo sannarlega góðar aðstæður sem ættu samkvæmt hinu gamla máltæki að vera börnum holt og gott veganesti inn í lífið.

Alkóhólisminn á það skylt með öðrum sjúkdómum að hafa mikil áhrif á fjölskyldu þess sjúka, börn ekki síður en fullorðna. Á vígvelli drykkjumannsins verða börnin oftast fyrst til að falla og það er þaðan sem mörg börn fara með opin og illa gróandi sár inn í framtíðina. Börn eru þeir aðstandendur alkóhólismans sem minnst mega sín og eiga erfiðast með að bera hönd fyrir höfuð sér. Þau þurfa því frekar en aðrir hjálp til að vinna úr meinum sínum sem oft eru ekki augljós fyrr en mörgum árum eftir að til þeirra er stofnað.

Þar koma SÁÁ til sögunnar. Á vegum samtakanna hefur mörgum fjölskyldum verið hjálpað við að koma aftur undir sig fótunum og skapa sér nýtt líf eftir áralangan slag við alkóhólismann.

SÁÁ er nú að leggja af stað í fjársöfnun með sölu á álfinum góða sem allir landsmenn þekkja. Söfnunarféð á að nota til að byggja nýja barna- og fjölskyldudeild og efla frekar en áður úrræði til hjálpar þeim sem hafa orðið fyrir barðinu á alkóhólismanum.

Kaup á álfinum er því ekki aðeins stuðningur við gott málefni heldur beinn stuðningur við þau börn sem þurfa nauðsynlega hjálp samfélagsins eftir að hafa orðið undir í heimi hinna drukknu. Álfur í höndum nýs eiganda er yfirlýsing hans um að hann lætur sig varða okkar minnstu bræður og systur. Í orðsins fyllstu merkingu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Auglýsingar í heilbrigðisþjónustu

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Það hefur líklega ekki farið fram hjá neinum hérlendis að þjónusta heilbrigðisstarfsfólks, og þá sér í lagi lækna, er lítið sem ekkert auglýst. Á þessu er einföld skýring en samkvæmt núgildandi læknalögum er illmögulegt fyrir lækna að auglýsa þjónustu sína, en þar segir orðrétt: „Lækni er einungis heimilt að auglýsa læknastarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum þegar hann hefur störf eða breyting verður á aðsetri eða viðtalstíma. Lækni er heimilt að auðkenna sig með nafni, sérgrein, aðsetri, síma og viðtalstíma á dyraspjöldum, nafnspjöldum og lyfseðlum“.

Samkvæmt 18. grein í Codex Ethicus er tilgreint að fara skuli að landslögum þegar kemur að auglýsingum. Víða er því svo farið að læknar mega ekki auglýsa þjónustu sína að neinu marki og eflaust eru rök bæði með og á móti því. Það er þó skoðun undirritaðs að bann við auglýsingum hafi verið of þröngt túlkað í gegnum tíðina og sjálfsagt sé að gefa þar meira svigrúm, en sömuleiðis að eftirlit með slíku sé virkt.

Nú er svo komið að ný lög um heilbrigðisstarfsmenn munu taka gildi þann fyrsta janúar 2013 og leysa af hólmi læknalögin og önnur viðlíka lög um starfsemi fagstétta á heilbrigðissviði. Í þessum nýju lögum segir orðrétt í 24. grein: „Við kynningu heilbrigðisþjónustu og auglýsingar skal ávallt gætt málefnalegra sjónarmiða og fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um kynningu og auglýsingar heilbrigðisþjónustu, svo sem bann við ákveðinni aðferð við kynningu eða auglýsingar“. Þarna er sem sagt búið að opna fyrir þann möguleika að fagstéttir í heilbrigðisþjónustu og þar á meðal læknar geti auglýst starfsemi sína.

Nú spyrja sig eflaust einhverjir hvort þetta skipti nokkru máli. Því er til að svara að í heilbrigðisþjónustu sem annarri þjónustu ríkir samkeppni, en hún er af mjög skornum skammti. Í nær öllum tilvikum er þjónustan greidd af ríkinu, taxtar eru þeir sömu meira og minna og í viðvarandi læknaskorti hafa hvort eð er allir nóg að gera og enga þörf fyrir að auglýsa sig eða þá þjónustu sem þeir veita, ekki satt?

Þetta er ekki alls kostar rétt en gefur nokkuð góða mynd af raunveruleikanum og líklega verður lítil breyting hér á næstunni miðað við það ástand sem varað hefur varðandi mönnun í heilbrigðisþjónustu. Þetta skapar þó einnig vandamál fyrir sjúklinga, til dæmis þar sem hvergi er, mér vitanlega, til opinberlega aðgengilegur heildarlisti yfir þá lækna sem eru starfandi hérlendis, hvar þeir starfa og hvernig hægt er að ná í þá. Þegar nýir sérfræðingar koma til landsins úr sérnámi með mikilvæga þekkingu og hefja störf er það jafnan hulið almenningi og jafnvel okkur læknunum.

Læknar munu á næsta ári geta auglýst nýjar meðferðir, ráðgjöf, námskeið, aðgerðir og heilsueflingu svo fátt eitt sé talið. Það verður því spennandi að fylgjast með og þá sérstaklega hvort læknar muni nýta sér breytt lagaumhverfi og þá möguleika sem í því felast.

# Það má tala um þetta!

Heilbrigðismál

Hildur Jakobína Gísladóttir
stofnandi samtakanna Litlir englar



Þegar börn fæðast andvana eða deyja í móðurkviði finna foreldrar þeirra fyrir sárri sorg. Hún varir lengi og eykst og minnkar til skiptis. Þrátt fyrir sorgina þurfa þeir að takast á við raunveruleikann, kveðja barnið og tilkynna aðstandendum og vinum barnsmissinn ásamt því að ljúka ýmsum formsatriðum, eins og dánarvottorði og ganga frá barnaherberginu sem kannski var fullbúið, auk ýmislegs fleira. Verður ekki nógu vel brýnt fyrir fagfólki að vera vel undir það búið að taka á móti foreldrum í þessari erfiðu stöðu. Framkoman við þá getur skipt sköpum fyrir hvernig þeim gengur að vinna úr sorginni. Orðaval þarf að vanda og sýna hlýhug og samkennd auk þess að leiðbeina þeim svo að þeir þurfi sem minnst að hafa fyrir sársaukafullum afgreiðslumálum t.d. í stjórnkerfinu. Fólk man í smáatriðum orð og atvik undir þessum kringumstæðum ekki síður en við hefðbundna barnsfæðingu þegar allt gengur að óskum.

Foreldrar í þessum aðstæðum þurfa á leiðbeiningum að halda um hvað sé best að gera. Það þarf að upplýsa þá um möguleika sem í boði eru varðandi það að kveðja barnið með þeim hætti að þeir verði eins sáttir og hægt er og sjái ekki eftir neinu síðar meir.

Eftirfarandi er vert fyrir fagfólk að hafa í huga:

- Virða og hafa skilning á hugsanlegri bón foreldra um að fá álit annars læknis á fósturgreiningunni
- Aðskilja sængurkonuna frá barnshafandi konum og grátandi ungbörnum sbr. reynslusögu í fjölmiðlum sl. viku
- Útskýra fæðingarferlið fyrir fram og leyfa foreldrum að spyrja spurninga
- Segja frá hvernig búast megi við að barnið líti út við fæðingu
- Ræða óskir foreldra um kveðjustundir og athafnir
- Hvetja foreldra til að líta á barnið sitt eftir fæðingu og halda á því
- Hvetja foreldra til að taka myndir af barninu – ef þeir vilja það ekki gæti starfsfólk sjúkrahússins tekið mynd og geymt hana þannig að foreldrarnir gætu komið síðar og fengið hana ef þeir sjá sig um hönd
- Hvetja foreldra til að taka þátt í að baða barnið og klæða eftir andvana fæðingu
- Leyfa foreldrum að fá barnið þegar þeir vilja meðan á innlögn stendur
- Gefa foreldrum hárlokk, þrykkja fótspor á blað, geyma gögn og gefa foreldrum úlnliðsmerki með upplýsingum um barnið eins og gert er við hefðbundna fæðingu
- Halda litla kveðjustund í kapellu sjúkrahússins
- Láta félagsráðgjafa sjúkrahússins sjá um að senda dánarvottorð eða staðfestingu á andvana fæðingu til Tryggingastofnunar (þannig að foreldrar í sorg þurfi ekki að útskýra eða rökræða við starfsmann TR um hvernig andlát barnsins bar að)
- Hvetja foreldra til að skrifa niður spurningar sem vakna áður en þeir koma í eftirskoðun
- Hringja eftir 3 -6 mánuði og kanna líðan foreldra m.t.t. áfallastreituröskunar

Þessi ráð kosta ekki mikið og ef þau væru fast verklag á hverri kvennadeild myndi það auðvelda foreldrum að ganga í gegnum raun þessa þannig að sorgarferlið gangi sem eðlilegast fyrir sig.

# Innvígð og innmúruð glámskyggni

Stjórnmál

Torfi H. Tulinius
prófessor í íslenskum miðaldafræðum við HÍ



Í Silfri Egils þann 6. maí síðastliðinn tók Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, þátt í umræðum um kosningar í nokkrum Evrópuríkjum þar sem öfgahægriflokkar hafa nýlega styrkt sig í sessi. Hann sagði m.a. að ein helsta ástæða fyrir þessari þróun væri sú að stjórnmálamenn hefðu reynst ófærir um að hafa hemil á fjármálakerfinu og þeirri kreppu sem það hefur leitt yfir álfuna. Fjármálastofnanir fengu að græða ótæpilega á bóluárunum en þegar kreppan knúði dyra hefðu vestrænar ríkisstjórnir þjóðnýtt tapið með alvarlegum afleiðingum fyrir efnahag landanna og afkomu íbúanna.

Það er ekki hægt að vera ósammála því. Aftur á móti er ástæða til að andmæla ályktun Styrmis um að þetta sýni að enginn munur sé lengur á hægri stefnu og vinstri í stjórnmálum. Það nægir að líta á árangur sitjandi ríkisstjórnar á Íslandi til að sannfærast um að sá munur er mikill.

Klassísk hægri leið út úr kreppu felst í niðurskurði á velferðarkerfinu og lækkun á sköttum í því skyni að örva hagvöxt. Ef til vill skilar þessi aðferð árangri en hún eykur bæði ójöfnuð og tilfinningu fyrir óréttlæti. Á móti vinnur sú tilfinning gegn samhug og ógnar friðnum í samfélaginu. Jafnaðarmenn skera líka niður, en hlífa velferðarkerfinu og þeim sem minnst mega sín með aðgerðum í skattamálum og bótum sem vinna gegn sárustu afleiðingum kreppunnar. Þannig standa þeir vörð um kaupmátt hinna tekjulægstu. Hinir tekjuhærri draga saman seglin og leggja meira til sameiginlegra sjóða. Það er bæði réttlátt og efnahagslega skynsamlegt. Lágtekjuhóparnir eyða launum sínum innanlands og því fer nánast allt sem gert er í þeirra þágu aftur út í hagkerfið með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á hagvöxt.

Nýbirt skýrsla Þjóðmálastofnunar eftir þá Stefán Ólafsson og Arnald Sölva Kristjánsson staðfestir að hægri stefna sú sem hér var rekin af Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki um árabil leiddi til ójöfnuðar. Hún sannar líka að fjármálahrunið 2008 varð til þess að lífskjör Íslendinga drógust saman um tugi prósentustiga. Fyrst og fremst segir hún okkur að aðferðir jafnaðarmanna séu bæði réttlátari og efnahagslega skynsamlegri en þær sem hægri menn hafa upp á að bjóða, því hún sýnir með óyggjandi hætti að hagur þeirra sem minnst bera úr býtum hefur verið varinn.

Það er því umtalsverður munur á hægri og vinstri, ekki síst sá að hægri stefnan beið eftirminnilegt skipbrot hér á landi. Ef til vill er til of mikils mælst að innmúraður og innvígður talsmaður hennar um árabil geti séð það eða vilji viðurkenna það. Aftur á móti eru aðrir beðnir um að opna augu fyrir því að það skiptir máli hverjir stjórna.


# Fiskveiðistjórnun og framtíð sjávarútvegs

**Tímarit um viðskipti og efnahagsmál stendur fyrir ráðstefnu um áhrif fiskveiðistjórnunar á sjávarútveg og tengdar greinar.**

**Lagaleg umgjörð fiskveiða við Ísland, einkum fiskveiðistjórnunarkerfið, er í deiglunni. Á ráðstefnunni verður fjallað um fiskveiðistjórnun á breiðum grunni og áhrif hennar á framtíð sjávarútvegs, með áherslu á áður ókönnuð áhrif á tengda atvinnustarfsemi og samfélagið í víðara samhengi.**

**Hvenær:** Miðvikudaginn 9. maí 2012 kl: 8:30–16:30
**Hvar:** Háskóli Íslands, Askja N132

| | |
|---|---|
| 08:30 | **Setning** |
| 08:40 | **Helgi Áss Grétarsson**, *Kvótakerfi sem lagaleg og efnahagsleg stofnun* |
| | **Kristín Haraldsdóttir**, *Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða í ljósi jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar* |
| | **Lúðvík Elíasson**, *Um hvað snúast lög um stjórn fiskveiða?* |
| 10:10 | **Kaffihlé** |
| 10:30 | **Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegsráðherra**, *Auðlind í sameign þjóðar* |
| | **Þóroddur Bjarnason**, *Fiskveiðistjórnun og framtíð sjávarbyggða* |
| | **Þór Sigfússon**, *Íslenski sjávarklasinn: Það fiskast best á markmiðum!* |
| | **Þórir Sigurðsson**, *Afleiðingar stjórnlausra fiskveiða og fjármála* |
| 12:30 | **Hádegishlé** |
| 13:10 | **Ragnar Árnason**, *Alþjóðleg samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs* |
| | **Þórólfur Matthíasson**, *Áhrif veiðigjalds á fjárhagsskipan sjávarútvegsfyrirtækja* |
| | **Birgir Þór Runólfsson**, *Skipulag fiskveiða og arðsköpun; hver eru tengslin?* |
| 14:40 | **Kaffihlé** |
| 15:00 | **Níels Einarsson**, *Fiskveiðiréttindi, fjármálaafurðir og félagslegt réttlæti í sjávarútvegi* |
| | **Einar Svansson og Stefán Kalmansson**, *Greining á íslenskum sjávarútvegi út frá tveimur leiðandi kenningum* |
| | **Ögmundur Knútsson og Daði Már Kristófersson**, *Áhrif fiskveiðistjórnunar á virðiskeðju íslensks bolfisks* |
| 16:30 | **Ráðstefnuslit** |

**Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
efnahagsmal.is

Gamalt fegrunarráð - í nútímalegum búningi




Agúrku roll on

Dreifingaraðili Danson ehf :: Sími 588 6886



# Álögur á sjúklinga vegna komu- og umsýslugjalda sérfræðilækna

Heilbrigðismál

**Guðmundur Magnússon**
formaður Öryrkjabandalag Íslands



Ár er liðið frá því að samningar á milli Sjúkratrygginga Íslands og sérfræðilækna runnu út þann 31. mars 2011. Í kjölfarið og vegna samningsleysis hafa sjúklingar þurft að greiða komu- og umsýslugjald fyrir þjónustu sérfræðilækna á stofum þeirra. Hér er um viðbótargjald að ræða, sem leggst við hluta sjúklings í útlögðum kostnaði. Rétt er að taka fram að ekki allir sérfræðilæknar innheimta slíkt gjald. ÖBÍ hafa borist dæmi um viðbótargjöld á bilinu 500 kr. til 3.500 kr. fyrir hverja komu.

Staðan bitnar fyrst og fremst á tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum sem þurfa á þjónustu sérfræðilækna að halda. Þar er þyngst byrðin á langveikum og öldruðum, sem þurfa meira á heilbrigðisþjónustu að halda, þar með talið þjónustu sérfræðilækna, en allur almenningur í samfélaginu. Ástandið hefur í för með sér auknar álögur fyrir þessa einstaklinga og fjölskyldur þeirra og kemur sérstaklega illa við tekjulága aldraða, öryrkja og foreldra langveikra barna. Í rannsókn sem framkvæmd var 2006 af Rúnari Vilhjálmssyni félagsfræðingi kom fram að öryrkjar vörðu um 6% af heildartekjum heimilisins í heilbrigðismál. Sú tala hefur að öllum líkindum hækkað, en gjaldtaka sjúklinga í heilbrigðiskerfinu jókst umtalsvert í kjölfar bankahrunsins, sbr. könnun Hagdeildar ASÍ frá byrjun árs 2009.

Einstaklingur með afsláttarkort borgar að fullu komu- og umsýslugjald. Þar sem þetta er viðbótargjald gefur það ekki rétt upp í afsláttarkort Sjúkratrygginga Íslands. Hér er því um að ræða hreint viðbótargjald sem sjúklingurinn einn ber kostnaðinn af. Sjúklingar sem reglulega leita til sérfræðilækna bera þá tugi þúsunda í viðbótargjald yfir lengra tímabil.

Eitt af markmiðum laga um réttindi sjúklinga er að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi. Óheimilt er að mismuna sjúklingum, meðal annars á grundvelli efnahags. Þjónusta sérfræðilækna er einn nauðsynlegur þáttur í veitingu heilbrigðisþjónustu. Gjaldtaka fyrir hvers kyns heilbrigðisþjónustu á að fara eftir ákvæðum laga um sjúkratryggingar og ákvæðum sérlaga eftir því sem við á, og engu öðru.

Minna má á Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem undirritaður var af Íslands hálfu fyrir réttum 5 árum (30. mars 2007) en í 25. gr. samningsins er kveðið á um að aðildarríkin skuli „…viðurkenna að fatlað fólk hafi rétt til þess að njóta góðrar heilsu að hæsta marki sem unnt er án mismununar vegna fötlunar. […] að sjá fötluðu fólki fyrir heilsugæslu og heilbrigðisáætlunum, sem eru ókeypis eða á viðráðanlegu verði og eins að umfangi, gæðum og á sama stigi og gildir fyrir aðra einstaklinga…“.

Hver er staðan í samningaviðræðum Sjúkratrygginga Íslands og samninganefndar sérfræðilækna? Eru samningaviðræður í gangi á milli samninganefndanna eða er algjör biðstaða?

ÖBÍ skorar á samningsaðila að sameinast í þeirri viðleitni að semja sín á milli þannig að öllum notendum þjónustu sérfræðilækna sé tryggt aðgengi að sérfræðiþjónustu án aukinnar kostnaðarhlutdeildar sjúklinga.

**Tvö dæmi um viðbótarútgjöld örorkulífeyrisþega vegna þjónustu sérfræðilækna:**

| | Viðbótargjald - samtals | Tímabil |
|---|---|---|
| Dæmi A – 5 komur til sérfræðinga | 9.000 kr. | ágúst 2011 – janúar 2012 |
| Dæmi B – 3 komur til sérfræðinga | 8.000 kr. | janúar 2012 |

# Siðferði og veiðistjórnun

Veiðistjórnun

**Elvar Árni Lund**
sjávarútvegsfræðingur og MPM að mennt og formaður Skotvís



Skotveiðifélag Íslands – Skotvís – hefur allt frá stofnun þess barist fyrir siðbót meðal skotveiðimanna á Íslandi. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan um miðjan áttunda áratuginn, þegar félagið var stofnað, og er óhætt að segja að vel hafi gengið að koma siðbótinni á. Það er í raun aðdáunarvert að sjá hve frumkvöðlar félagsins voru framsýnir, en til vitnis um það eru siðareglur Skotvís (sjá á www.skotvis.is). Í siðareglunum er farið yfir hvernig góður veiðimaður skuli haga sér gagnvart sjálfum sér, öðru fólki og síðast en ekki síst náttúru landsins. Siðareglurnar eru til halds og trausts fyrir þá sem eru að taka fyrstu skrefin í veiðum og fyrir eldri og reyndari veiðimenn til að spegla sig í og máta sig við.

Eitt af því sem fram kemur í siðareglum Skotvís er að góður skotveiðimaður tekur þátt í rannsóknum og eykur stöðugt þekkingu sína á veiðistofnum. Skotvís hefur oftar en ekki átt frumkvæðið að því að leggja vísindamönnum lið með öflun sýna og talningu á stofnum. Nýlega voru sýndir í Ríkissjónvarpinu hreint magnaðir þættir BBC með David Attenborough um líf á heimsskautunum. Þar kom fram að í Kanada hafa stjórnvöld fengið frumbyggja landsins í lið með sér til að afla upplýsinga um breytingar á búsvæðum þeirra. Slík verkefni eru varla framkvæmanleg nema með samstarfi frumbyggja og vísindamanna, en veiðar þeirra fyrrnefndu hafa mótað þeirra lífsafkomu alla tíð og vitneskja þeirra um lífríkið, dýrastofna og umhverfið er ómetanlegt framlag í svona verkefni.

Svona samstarf þekktist hérlendis á árum áður, en hefur því miður farið mikið aftur. Svo virðist sem lítill sem enginn vilji ríki hjá núverandi stjórnvöldum til að taka höndum saman með veiðimönnum og vinna verkefnin í samstarfi. Þess í stað er ítrekað lagt til eitt og annað sem snýr að því að þrengja rétt manna til að veiða og nýta það sem landið gefur af sér. Á síðustu árum hafa augu æ fleiri opnast fyrir því hversu rík þjóð við erum þegar kemur að heilnæmum afurðum úr lífríki Íslands. Afurðir villtra dýra eru einhver heilnæmasti matur sem finna má og dýrin sem veidd eru hafa lifað við ólíkt betri aðstæður en þau sem alin eru til manneldis með búskaparháttum verksmiðjuframleiðslu. Þessa auðlind er sjálfsagt að nýta og með samstarfi við þúsundir veiðimanna væri hægt að fá mun skýrari mynd af áhrifum veiða á ástand veiðistofnanna og í framhaldi af því móta heildstæða stefnu um skotveiðar og aðrar nytjar.

Öðru hverju skjóta upp kollinum fréttir af slæmri umgengni veiðimanna, en ég fullyrði að um fáa einstaklinga er að ræða úr hópi þeirra þúsunda sem stunda veiðar á löglegan og ábyrgan hátt. Agaleysi meðal veiðimanna þekkist hins vegar því miður, ekki síður en hjá öðrum hópum, en við í Skotvís teljum að besta leiðin til að uppræta óæskilega hegðun sé fræðsla og að veiðimenn leggi sig fram um að vera hver öðrum góð fyrirmynd. Það þarf að gera öllum ljóst að í samfélagi veiðimanna líðst ekki slæm umgengni. Náttúra Íslands er dýrmætasta auðlind veiðimannsins og um hana ber okkur öllum að ganga af virðingu. Landspjöll eftir ökutæki eru annað brýnt umhverfismál en því miður er það svo að sá málaflokkur og ramminn utan um hann er á kolvitlausri leið enda er samráð við forsvarsmenn ferðafólks sorglega lítið og enn minna gert með tillögur þeirra.

Ástæður þess að erfitt reynist að koma böndum á „utanvegaakstur“ eru margvíslegar en maður spyr sig hvort ekki sé um sama hóp að ræða og ekur um vegi og götur landsins á ofsahraða og virðir ekki umferðarreglur. Hvers vegna ætti sá hópur að virða frekar lög um náttúruvernd þar sem sektir og úrræði eru jafnvel enn minni en heimildir í umferðarlögum leyfa? Vandinn liggur að stórum hluta í lélegri upplýsingagjöf, misræmi í reglum og agaleysi.

Skotveiðifélag Íslands hefur frá upphafi náð ótrúlega góðum árangri og fyrir framtak félagsins má segja að siðbót og aga hafi verið komið á í veiðum og umgengni veiðimanna.

Markmið félagsins eiga oftar en ekki heilmargt sameiginlegt með markmiðum náttúruverndarsamtaka enda gerir félagið sér það ljóst að án heilbrigðra dýrastofna og því sem næst ósnortinnar náttúru verða engar veiðar stundaðar til framtíðar. Næstkomandi haust mun Skotvís standa fyrir ráðstefnu um faglega veiðistjórnun í samvinnu við Umhverfisstofnun með það að markmiði að efla veiðistjórnun á Íslandi, en til að það geti gerst þarf að auka mikið samvinnu og samstarf á milli vísindasamfélagsins og þeirra sem þekkja landið sitt í gegnum veiðar, nytjar eða aðra útiveru.

> Öðru hverju skjóta upp kollinum fréttir af slæmri umgengni veiðimanna, en ég fullyrði að um fáa einstaklinga er að ræða úr hópi þeirra þúsunda ...

## Örgöngur Ferðafélags Íslands



Höskuldur Jónssson fararstjóri og fyrrum forseti FÍ ásamt Ólafi Erni Haraldssyni forseta FÍ.

Á hverjum miðvikudegi í maí, er farið í gönguferðir um Grafarholt og nágrenni þess. Þátttakendur safnast saman við hitaveitugeymana og þaðan er gengið í 1 ½ - 2 tíma um nærliggjandi holt og heiðar. Ferðalok eru við geymana. Ganga hefst kl 19. Ferðir sem þessar hafa verið farnar í maí undanfarin 3 ár og eru þátttakendur orðnir samtals um 400.

Þótt aðallega sé gengið á stígum, liggur leið að nokkru um móa og því ráðlegt að vera í góðum gönguskóm. Þetta eru ekki hraðgöngur. Örgöngur eru aldrei felldar niður vegna veðurs. Klæðið ykkur í samræmi við veðurútlit.

Göngustjórar eru Guðlaug Sveinbjarnardóttir og Höskuldur Jónsson

Önnur gangan er miðvikudaginn 9. maí. Ganga hefst kl. 19 frá hitaveitugeymunum í Grafarholti. Leið: Gengið um stíginn sem liggur að Reynisvatni og norðan þess. Þá er farið undir Reynisvatnsveginn og inn á stíg ofan nýja hverfisins sem er kennt við Haukadalsmenn. Stígurinn liggur austan í Reynisvatnsásnum og upp á hann – þaðan niður Klofabrekkur að Reynisvatni og gengið til baka um suðurbakka vatnsins og inn á malbikaðan stíg er liggur að vatnsgeymunum.

FÍ

**Þátttaka er ókeypis – allir velkomnir.**

## Málþing um raflínur og strengi

Iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra hafa skipað nefnd er móta skal stefnu um lagningu raflína í jörð í samræmi við þingsályktun Alþingis í þskj. 748 frá 1. febrúar 2012.

Á undanförnum árum hefur orkuframleiðsla á Íslandi aukist mjög og jafnframt gagnrýni á neikvæð umhverfisáhrif hennar. Einn þáttur þeirra áhrifa er sjónmengun af völdum háspennulína og hefur sú krafa orðið háværari að jarðstrengir séu nýttir í stað loftlína.

Mikilvægt er að fyrir liggi stefnumörkun um með hvaða hætti og á hvaða forsendum skuli stefnt að lagningu raflína í jörð og til hvaða þátta skuli sérstaklega taka tillit í þeim efnum. Nefndin boðar til opins málfundar um málefnið þann 11. maí næstkomandi.

**Fundurinn fer fram í stofu 101 í Odda, Háskóla Íslands 11. maí næstkomandi og stendur frá kl. 13.00-15.15.**

**Dagskrá**

- 13.00-13.05 Setning. Þingsályktun. Nefnd um stefnumörkun.
- 13.05-13.25 Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets: *Jarðstrengir – flutningsgjaldskrá og umhverfi.*
- 13.25-13.45 Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmda stjóri Landverndar: *Mikilvægi umhverfisþátta í stefnumörkun um jarðstrengi.*
- 13.45-14.05 Daði Már Kristófersson, dósent við Háskóla Íslands: *Mat á umhverfiskostnaði raflínulagna.*
- 14.05-14.15 Hlé
- 14.15-14.35 Stefán Thors, forstjóri Skipulagstofnunar, *Raflínur, skipulag, mat á umhverfisáhrifum*
- 14.35-15.15 Umræður

Fundarstjóri: Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands

**Aðgangur er ókeypis. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.**

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ    UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

HALLDÓR BALDURSSON

vísir - oft á dag

# Hvað skal með „stóra kvótamálið“?

Sjávarútvegsmál

Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður



Mikið er í húfi að vel takist til við umfjöllun frumvarpanna tveggja sem Alþingi hefur nú til meðferðar og kölluð eru „kvótafrumvörpin“. Annað lýtur að stjórn fiskveiða (kvótakerfinu) en hitt að gjaldtökunni fyrir nýtingu auðlindarinnar (veiðigjaldinu). Bæði hafa þau vakið hörð viðbrögð, og ekki er allt frómt sem sagt hefur verið um þau til þessa. Ég vil því gera nánari grein fyrir meginþáttum frumvarpanna og velta upp þeim breytingum á þeim sem ég tel að yrðu til bóta.

Lítum fyrst á frumvarp um stjórn fiskveiða. Verði það að lögum mun eftirfarandi gerast:

**a)** Allar aflaheimildir verða innkallaðar á einu bretti, og þeim úthlutað að nýju til afmarkaðs tíma gegn gjaldi. Þetta er „hluti I“ (nýtingarhlutinn). Með honum er rofinn sá ótímabundni eignarréttur sem útgerðin hefur slegið á aflaheimildirnar í tíð núverandi kvótakerfis. Nýtingin verður einskorðuð við 20 ár. Nái þetta fram að ganga er hraðar farið í þá grundvallarbreytingu sem Samfylkingin boðaði fyrir síðustu kosningar, þ.e. að fyrna aflaheimildir um 5% á ári og koma auðlindinni þannig í hendur þjóðarinnar á 20 árum.

**b)** Til hliðar við nýtingarhlutann verður til „hluti II“ sem samanstendur af nokkrum pottum (leigupottur, byggðakvóti, línuívilnun, strandveiðar). Stærstur og þýðingarmestur þeirra er leigupotturinn, opinn og almennur leigumarkaður með aflaheimildir þar sem hægt verður að leigja aflaheimildir frá ári til árs á grundvelli tilboða á kvótaþingi. Þessi leigupottur verður ekki á forræði ráðherra, hann verður ekki háður neinni pólitískri stýringu eins og t.d. byggðakvótinn og hann verður ekki á vegum núverandi kvótahafa heldur einungis opinn markaður með aflaheimildir. Upphafsstaðan í leigupottinum verður samkvæmt frumvarpinu 20 þúsund tonn en gert er ráð fyrir að hann stækki verulega, komi til aflaaukningar: Fari aflamark yfir 202 þúsund tonn í þorski eiga 40% aukningarinnar að renna í leigupottinn, auk annars sem til fellur.

Þessi tvö veigamiklu atriði koma til móts við kröfuna um að aflaheimildirnar séu í reynd eign þjóðarinnar, að nýting auðlindarinnar byggist ekki á eignarhaldi einstakra aðila heldur sé þar um að ræða tímabundinn rétt gegn gjaldi í þjóðarbúið. Enn fremur að allir eigi möguleika á að leigja til sín aflaheimildir á grundvelli jafnræðis- og atvinnufrelsissjónarmiða á opnum leigumarkaði.

Mikilvægt er að leigupotturinn verði nægilega stór til þess að bera uppi eðlilega verðmyndun og tryggja aðgengi með nægu framboði aflaheimilda. Að svo miklu leyti sem ástæða er til að breyta kerfinu frekar en frumvarpið gerir ráð fyrir tel ég brýnt að horft verði til stærðar leigupottsins, að hann eigi möguleika á að vaxa enn frekar og verða stöðugri.

Þá virðist mér óhjákvæmilegt að aðskilja veiðar og vinnslu, og tryggja það að óunninn afli fari á íslenskan markað. Enn fremur að inntak nýtingarleyfanna verði skilgreint betur í sjálfum lagatextanum, t.d. með áskilnaði um löglega kjarasamninga þar sem við á, skattskil, umgengni við auðlindina og aðra löghlýðni. Þessum breytingum mun ég beita mér fyrir.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að þjóðin njóti eðlilegs arðs af auðlind sinni. Veiðigjaldafrumvarpið, sem er hinn angi þessa máls, tekur á þeim þætti. Gjaldstofn hins sérstaka veiðigjalds er sá umframarður sem til verður í greininni þegar búið er að draga frá allan rekstrarkostnað og gefa greininni svigrúm til ríflegrar ávöxtunar. Notuð er svokölluð árgreiðsluaðferð sem Hagstofan hefur notast við í fjölda ára til þess að greina raunafkomu í sjávarútvegi.

> Veiðigjaldsfrumvarpið hefur vakið mjög hörð viðbrögð svo ljóst er að atvinnuveganefnd þingsins mun taka það frumvarp til ítarlegrar athugunar.

Veiðigjaldsfrumvarpið hefur vakið mjög hörð viðbrögð svo ljóst er að atvinnuveganefnd þingsins mun taka það frumvarp til ítarlegrar athugunar. Sjálfsagt er að skoða vel alla þætti þess máls, án þess þó að hvika frá kröfunni um að sjávarútvegurinn leggi sinn sanngjarna skerf í þjóðarbúið. Miklu varðar að sjávarútvegurinn fái risið undir nafni sem undirstöðuatvinnugrein, bæði í sýnd og reynd. Sem burðargrein í íslensku atvinnulífi þarf hann að koma að endurreisn efnahagslífsins og miðla samfélaginu af þeim gæðum sem þjóðarauðlindin gefur. Þau gæði eru gríðarleg og arðurinn af útvegnum svo mikill að hleypur á tugum milljarða hin síðari ár.

Af þessu þarf þjóðin að fá sinn sanngjarna skerf enda er það íslenskt samfélag sem hefur fóstrað þessa mikilvægu atvinnugrein frá öndverðu, og stundum kostað miklu til.



# Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins



Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 29. maí 2012 kl. 17.00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt á setu á ársfundinum.
Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins.

| Helstu kennitölur úr ársreikningi | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | 3,9% | 8,9% |
| Hrein raunávöxtun – meðaltal sl. 3 ára | 6,0% | -9,1% |
| Hrein raunávöxtun – meðaltal sl. 5 ára | -4,4% | -3,3% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga – meðaltal | 9.147 | 8.118 |
| Fjöldi lífeyrisþega – meðaltal | 630 | 529 |
| Heildarfjöldi sjóðfélaga | 27.456 | 27.684 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok tímabils | 33.734.147.489 | 30.663.756.766 |
| **Tryggingafræðileg staða Samtryggingadeildar** | **31.12.2011** | **31.12.2010** |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 1,80% | 0,80% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | 1,50% | -1,40% |

Ársreikning sjóðsins má nálgast á islif.is.




Tillögur um breytingar á samþykktum þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund.
Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti viku fyrir ársfund.
Framboðum aðalmanna til stjórnar skal skila inn til stjórnar viku fyrir ársfund.
Tillögur og framboð skulu berast til stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins, Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

Tillögur að breytingum á samþykktum og framboð til stjórnar verða birtar á vefsvæði sjóðsins, islif.is.
Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hvetur sjóðfélaga til þess að mæta.
Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsvæði sjóðsins islif.is eða hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans í síma 410 4040.

Íslenski lífeyrissjóðurinn



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JOHN STUART MILL,** heimspekingur, lést þennan dag árið 1873.

*„Ég hef lært að nálgast hamingjuna með því að draga úr þörfum frekar en að reyna að fullnægja þeim.“*

## Merkisatburðir

1636 Eldgos varð í Heklu.

1835 Fyrstu ævintýri H. C. Andersen voru gefin út í Danmörku, þar á meðal Eldfærin og Prinsessan á bauninni.

1860 Kötlugos hófst sem olli litlu tjóni.

1933 Mohandas Gandhi hóf þriggja vikna hungurverkfall til að mótmæla kúgun Breta á Indlandi.

1945 Síðari heimsstyrjöldinni lauk í Evrópu með uppgjöf Þjóðverja.

1948 Tröllafoss kom til landsins. Hann var stærsta skip sem Íslendingar höfðu eignast, 5800 rúmlestir og 103 metrar á lengd.

1970 Tólfta og síðasta breiðskífa Bítlanna, Let It Be, kom út.

**ÞETTA GERÐIST:** 8. MAÍ 1886

## *Coca-Cola fundið upp*




Sírópsbragðtegund sem síðar varð uppistaðan í hinum sívinsæla svaladrykk Coca-Cola var fundin upp þennan dag árið 1886 af lyfjafræðingnum John Pemperton. Hann átti við eiturlyfjafíkn að stríða og í vímuleit sinni fór hann að vinna að heilsudrykk úr kókarunna (coca) og cola-hnetum og fékk drykkurinn nafnið Pemperton‘s French Wine Cola.

Árið 1866 var áfengisbann sett á í Bandaríkjunum. Þar með þurfti Pemperton að breyta drykknum og gefa honum nýtt nafn. Samstarfsfélagi hans, Frank Robinson, átti hugmyndina að nafninu Coca-Cola og Pemperton markaðssetti drykkinn sem óáfengan, frískandi og endurnærandi gosdrykk. Þegar áfengisbanninu var aflétt ári síðar hélt hann áfram að vinna að fyrri drykknum en eftirlét syni sínum, Charles, þróun á þeim nýja.

Pemperton dó hinn 16. ágúst 1888, aðeins nokkrum mánuðum eftir að Coca-Cola fyrirtækið var stofnað.

## AFMÆLI

**ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR** söngkona er fimmtíu og þriggja ára.



**VALGEIR SKAGFJÖRÐ** leikstjóri og tónlistarmaður, er fimmtíu og sex ára.





**ÁSGEIR SIGURVINSSON** knattspyrnuþjálfari er fimmtíu og sjö ára.



**KRISTJÁN FINNBOGASON** knattspyrnumaður er fjörutíu og eins árs.

**MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON** jarðeðlisfræðingur er fimmtíu og eins árs.



**HALLUR HALLSSON** blaðamaður er sextíu og eins árs.





**VIÐ VERÐLAUNASÖGUNA** „Ég er svo lítið fyrir að sýna það sem ég teikna. Enda munaði litlu að ég hætti við að taka þátt í þessari keppni en svo ákvað ég að vera hörð við sjálfa mig,“ segir Ásrún María Óttarsdóttir.

ÁSRÚN MARÍA ÓTTARSDÓTTIR: SIGRAÐI Í MYNDASÖGUSAMKEPPNI

# PERSÓNURNAR MÓTA ÉG Í LOKIN

„Ég er með fullkomnunaráráttu og finnst ekkert nógu gott sem ég geri. Þess vegna lendir yfirleitt allt ofan í skúffu hjá mér sem ég teikna,“ segir Ásrún María Óttarsdóttir sem hlaut sigurverðlaun í myndasögusamkeppni Borgarbókasafnsins og Myndlistaskólans í Reykjavík. Dómnefndinni þótti saga hennar um tölvuleikjaprinsessuna ónefndu bera af öðrum fyrir sögumennsku, litanotkun, sjónarhorn og að sjálfsögðu teikningu. „Auk þess hittir hún naglann á höfuðið með teygjanlegum mörkum alvarleika og aulahúmors, sem er einkennandi fyrir ákveðinn geira japanskra myndasagna,“ segir í umsögn nefndarinnar.

Ásrún María er á 20. ári og er þessa dagana að kljást við stúdentspróf í Menntaskólanum í Reykjavík. Hinni sígildu spurningu um hvað hún ætli að verða þegar hún verður stór svarar hún glaðlega: „Sameindalíffræðingur eða efnafræði-eitthvað.“

Hún kveðst hafa byrjað myndasögugerð um níu ára aldurinn og lýsir aðdraganda þess. „Ég hafði alltaf gaman af að teikna og langaði að teikna fólk en var ekki nógu góð í því. Mamma fann sniðuga bók sem heitir How to Draw Manga, þá fór ég að æfa mig fyrir alvöru og upp úr því spratt þetta tómstundagaman mitt.“ Ekki kveðst hún samt hafa gert margar heilar myndasögur um ævina og enga þeirra birt, ekki einu sinni í skólablaði MR. „Ég er svo lítið fyrir að sýna það sem ég teikna. Það munaði litlu að ég hætti við að taka þátt í þessari keppni en svo ákvað ég að vera hörð við sjálfa mig,“ segir hún. Hún sér ekki eftir því núna enda fékk hún í verðlaun Andrésar andarbók frá verslluninni Nexus og námskeið í Myndlistaskóla Reykjavíkur.

Þótt tölvur hafi komið mikið við sögu í teiknimyndagerð síðustu ára kveðst Ásrún María ekki hafa ánetjast þeirri tækni. „Ég nota tölvuna aðeins en finnst langþægilegast að gera þetta í höndunum. Ég byrja á að ákveða hvernig umgjörðin á að vera, svo fer ég að hugsa um hvað á að gerast og persónurnar móta ég í lokin.“

Í keppnina bárust tæplega 60 sögur og myndir. Dómnefndina skipuðu Bjarni Hinriksson myndasöguhöfundur, Björn Unnar Valsson bókmenntafræðingur og Inga María Brynjarsdóttir, grafískur hönnuður og myndhöfundur. Verðlaunaafhendingin fór fram í aðalsafni Borgarbókasafnsins í Grófarhúsi og þar hefur nú verið opnuð sýning á verkunum sem bárust í keppnina. Hún stendur til 10. júní.

gun@frettabladid.is


✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA SIGRÚN INGÓLFSDÓTTIR**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 4. maí.

**Þórunn Friðriksdóttir**
**Zóphónías Hróar Björgvinsson** **Madi Björgvinsson**
**Svali H. Björgvinsson** **Inga Sigrún Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**GUÐBJARTUR RAFN EINARSSON**
**skipstjóri og útgerðarmaður,**
**Löngulínu 2B, Garðabæ,**

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut, miðvikudaginn 2. maí. Útför fer fram frá Bústaðakirkju, fimmtudaginn 10. maí kl. 11.00.

**Anna Sigurbrandsdóttir**
**Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir** **Ingi Jóhann Guðmundsson**
**Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir** **Steinar Ingi Matthíasson**
**barnabörn**
**Guðrún Einarsdóttir**
**Sigurður Einarsson**
**Stefán Einarsson**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR S. M. SVEINSSON**
**fv. framkvæmdastjóri,**
**Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum föstudaginn 4. maí. Jarðarförin fer fram föstudaginn 11. maí frá Víðistaðakirkju kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Ingveldur Óskarsdóttir**
**Ingigerður Einarsdóttir**
**Óskar Einarsson** **Unnur Gunnarsdóttir**
**Gyða Einarsdóttir** **Bjarni Ólafur Bjarnason**
**Hildur Einarsdóttir** **Sveinn Axel Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær bróðir okkar og mágur,

**HAUKUR ANGANTÝSSON**
**Kristnibraut 77, Reykjavík,**

lést föstudaginn 4. maí síðastliðinn á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi. Útförin fer fram föstudaginn 11. maí frá Guðríðarkirkju í Grafarholti kl. 15.00. Alúðarþakkir til starfsfólks á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi fyrir góða umönnun og hlýju.

**Ibsen Angantýsson** **Hulda Guðmundsdóttir**
**Bára Angantýsdóttir** **Einar Sigurgeirsson**
**Auður Angantýsdóttir**
**Ólafur Angantýsson**
**Guðrún Angantýsdóttir** **Viðar Már Matthíasson**
**og fjölskyldur.**

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**LÁRA LÁRUSDÓTTIR**
**hjúkrunarfræðingur,**
**Gullsmára 7 í Kópavogi,**

lést á Líknardeild Landspítalans laugardaginn 28. apríl. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 9. maí kl. 15.00.

**Erlingur Þór Sigurjónsson** **Margrét Þóra Baldursdóttir**
**Magnús Þór Erlingsson**
**Þuríður B. Sigurjónsdóttir** **Jóhannes Elíasson**
**Elísa Jóhannesdóttir**
**Sylvía Rut Jóhannesdóttir**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**HÖFUM VARANN Á** ÚF-stuðull (UV-index) mælir áhrif útfjólublárra geilsa á húðina. Því hærri stuðull þeim mun minni viðveru í sólinni þolir húðin. Á heimasíðu Húðlæknastöðvarinnar má sjá hver ÚF-stuðullinn er hverju sinni. Sé hann 1-2 er sólarvörn ekki nauðsynleg en um leið og hann er kominn upp í 3 eða meira þarf að nota sólarvörn, sólgleraugu og hatt og jafnvel forðast sólina alveg.

HEILSUSETUR ÞÓRGUNNU
Viðurkenndur sérmenntaður kennari með 20 ára reynslu
NÁMSKEIÐ Í ANDLITSNUDDI & INDVERSKU HÖFUÐNUDDI
laugardaginn 12. maí frá kl 11-15:00
Upplýsingar í síma 896-9653 og á www.heilsusetur.is.
Heilsusetur Þórgunnu
552 1850 / 896 9653 · www.heilsusetur.is

Eirberg
Rodalon sótthreinsun
• Gegn myglusveppi
• Eyðir lykt úr fatnaði
Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Vel fylltur og glæsilegur



teg SUGAR - rosalega fallegur og fæst í A, B, C, D skálum á kr. 8.680,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur



praxis
... þegar þú vilt þægindi
Boston leður svart, hvítt st. 35-48 rautt st. 36-42 blátt st. 36-47 — Verð: 11.900 kr.
Roma Rúskinn lj.blátt d.blátt 36-42 — Verð: 6.990 kr.
Monako leður svart, hvítt rúskinn og microfib. st. 36-46 — Verð: 7.990 kr.
Paris leður svart, hvítt, blátt m/microfib og rúskinnssóla st. 36-42 — Verð: 10.900 kr.
Verona svart, hvítt st. 36-41 — Verð: 8.600 kr.
Bari leður rautt, sand, blátt st. 36-42 — Verð: 7.990 kr.
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Lokað á laugardögum



**ÞREKÆFINGAR** Hafrún æfir Víkingaþrek í Mjölni þar sem vel er tekið á því. MYND/ERNIR

# TÁFÓBÍAN AFTRAÐI HENNI EKKI

**ÆFIR Á TÁNUM** *Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur hefur undanfarið stundað Víkingaþrek hjá Mjölni af kappi. Þar æfa allir berfættir.*

Mágkona mín dró mig með sér í þetta. Sonur hennar var að æfa þarna og hún vildi aðeins kanna umhverfið sem kom svo í ljós að var hið besta. Ég kom þarna alveg tilbúin í fínu íþróttaskónum mínum en sá svo að þarna voru fjörutíu til fimmtíu manns, sveittir að æfa berfættir á einhverjum dýnum. Ég hef lengi verið með mikla táfóbíu sem einkennist af því að ég get varla horft á tær, hvað þá komið nálægt þeim. Ég leit því á mágkonuna og var næstum því hætt við en ákvað að prófa þar sem ég var búin að borga. Ég var þó ekki tilbúin að ganga alla leið og byrjaði að æfa í sokkunum. Það var nú samt frekar hallærislegt af því að ég var sú eina sem var ekki berfætt þannig að það endaði með því að ég reif mig úr sokkunum. Þetta vandist þó furðu vel og í dag tryllist ég ekki þó ég lendi í því að snerta tær á öðrum.“

Hafrún lætur mjög vel af námskeiðunum hjá Mjölni og andrúmsloftinu þar. Hún segir það vera það skemmtilegasta sem hún hafi prófað síðan hún hætti í handboltanum en Hafrún er fyrrverandi landsliðskona í handbolta. „Ég er í Víkingaþreki sem eru hefðbundnar þrekæfingar samansettar á alls kyns máta. Maður notar mikið eigin þyngd og ketilbjöllur. Ég hef líka tekið grunnnámskeið í kickboxi en reyni alltaf að mæta 3-4 sinnum í viku í Víkingaþrekið.“

Mjölnir hefur þann tilgang að efla ástundun bardagaíþrótta og er ekki rekið í hagnaðarskyni, heldur eru tekjur félagsins nýttar til að efla reksturinn og styrkja afreksfólk í þeirra röðum. „Mjölnir er rekið eins og íþróttafélag en ekki eins og hefðbundin líkamsræktarstöð. Ég er alin upp í þannig umhverfi þannig að þetta hentar mér fullkomlega,“ segir Hafrún. ■ lbh



**FÓBÍA** tær eru ekki hátt skrifaðar hjá Hafrúnu en hún lætur sig þó hafa það að æfa berfætt. NORDIC PHOTO/GETTY



Stuðnings stöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999
Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstönginni fyrir sína skjólstæðinga.
• Auðveld í uppsetningu.
• Engar skrúfur eða boltar.
• Tjakkast milli lofts og gólfs.
• Hægt að nota við hallandi loft, 0 – 45° timbur/gifsloft.
Vilji vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is
• Margir aukahlutir í boði.
• Falleg og nútímanleg hönnun.
• Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
• Stillanleg frá 225 – 307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.
Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.













# FEIT EN Í FORMI

**HREYFA SIG OF LÍTIÐ** *Nýleg rannsókn á holdafari 18 ára framhaldsskólanema sýnir að það er breytilegt eftir skólum hversu góðu formi þeir eru í.*

Í nýjasta hefti Læknablaðsins voru birtar niðurstöður rannsóknar sem gerð var á úthaldi, holdafari og efnaskiptasniði 18 ára framhaldsskólanema í Reykjavík. Þar kom fram að 51 prósent mældist með of hátt hlutfall líkamsfitu. „Það hafa ekki verið teknar saman sambærilegar tölur hér á landi yfir þennan aldurshóp og frekar erfitt að ná til hans enda nokkuð upptekinn hópur,“ segir Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor í íþrótta- og heilsufræðum við Háskóla Íslands. Rannsóknin var partur af meistararitgerð Erlings Birgis Richardssonar, íþróttafræðings og þjálfara nýbakaðra Íslandsmeistara HK í handbolta. „Ég var leiðbeinandi Erlings og verkefnisstjóri yfir verkefninu. Kári Jónsson íþróttafræðingur og Anna Sigríður Ólafsdóttir næringarfræðingur stóðu að þessu með mér. Svo fengum við meistaranema til að hjálpa okkur og þeir skrifuðu svo ritgerðir sínar upp úr gögnunum.“

Alls tóku 277 ungmenni úr þremur skólum þátt, þar af tveir bóknámsskólar og einn verknámsskóli sem þó var ekki hópur hreinna verknámsnemenda heldur blanda verk- og bóknámsnema í verknámsskóla. Helstu niðurstöður voru að 51 prósent mældist með of hátt hlutfall líkamsfitu, of feit samkvæmt líkamsþyngdarstuðli voru 23 prósent þátttakenda og 20 prósent voru með of mikið mittismál. Flestir höfðu þó sæmilegt úthald þrátt fyrir að dagleg hreyfing væri langt undir ráðlagðri hreyfingu. „Íslenskir krakkar eru frekar þéttir en þol og þrek mjög gott. Það er því mjög mikilvægt að þessi hópur haldi áfram að hreyfa sig og viðhaldi þrekinu til að fyrirbyggja lífsstílssjúkdóma í framtíðinni.“ Sigurbjörn Árni bendir á að þó svo að Íslendingar séu að fitna þá verði að hafa það í huga að líkamsfita sé ekki allsherjarmælikvarði. „Fólk er í góðum málum svo lengi sem þrekið er gott og það er ekki mikið yfir kjörþyngd en nútímasamfélag miðar kannski of margt út frá fituprósentu til að meta líkamsástand.“ Holdafar stúlkna í rannsókninni var betra en strákanna en þeir voru aftur á móti með betra úthald. Í niðurstöðum má einnig sjá að líkamsástand verknámsnemahópsins reyndist verra en bóknámshópsins. Þeir hreyfa sig minna, hafa minna úthald, eru feitari, með mesta mittismálið og hæsta blóðþrýstinginn. „Miðað við þessar niðurstöður eiga þeir verst stöddu á þessum aldri eftir að lenda í vandræðum þegar fram líða stundir ef ekkert breytist; það eru ýmsir sjúkdómar sem gætu farið að gera vart við sig upp úr fertugu; sykursýki, hjarta- og æðasjúkdómar og fleira.“ Sigurbjörn vonast til að rannsóknin verði endurtekin í framtíðinni og munurinn sem greindist milli hópa skoðaður betur og þá sé jafnvel hægt að bregðast við með því að reyna auka hreyfingu þessa hóps.



**Í FORMI** Rannsóknin sýnir að þó svo að fituhlutfall sé hátt og hreyfing lítil þá sé þol og þrek í lagi.



**SIGURBJÖRN ÁRNI ARNGRÍMSSON** prófessor í Íþrótta- og heilsufræðum við Háskóla Íslands.

# HJÓLAÐ AF ÖRYGGI

**GAMAN AÐ HJÓLA** *Mikill hjólreiðaáhugi er meðal fólks á öllum aldri. Forvarnardeild Sjóvá hefur sent frá sér ábendingu til hjólreiðamanna um varkárni í umferðinni.*

Bent er á að fjöldi þeirra sem hjóla í vinnu eða skóla hafi aukist mikið undanfarið. Með hækkandi sól á þeim eftir að fjölga enn frekar sem taka hjólið fram yfir bílinn. „Hjólreiðar eru holl og góð hreyfing. Flest slys verða þó þegar hjólað er á miklum hraða með þeim afleiðingum að reiðhjólamaður kastast fram fyrir sig þegar hann hemlar. Samstuð reiðhjólamanna eða við aðra notendur göngu- og hjólreiðastíga er einnig algeng orsök tjóna og slysa. Höfuðáverkar eru sem fyrr alvarlegustu reiðhjólaslysin.“

Minnt er á að reiðhjólahjálmur sé sá öryggisbúnaður sem dregur úr líkum á alvarlegum höfuðáverkum. Það sem þarf að hafa í huga þegar hjólað er af stað er eftirfarandi:

1. Hjólaðu ávallt með hjálm, hvort sem vegalengdin er stutt eða löng.
2. Vertu í endurskinsfatnaði eða endurskinsvesti.
3. Farðu yfir reiðhjólið, s.s. bremsur og dekk, áður en þú byrjar að hjóla eftir veturinn.
4. Ef þú hjólar og hlustar um leið á tónlist eða útvarp vertu þá viss um að þú heyrir líka í umferðinni.
5. Hjólaðu á reiðhjóla- og göngustígum þar sem þeir eru eða veldu götur með minni umferð.
6. Farðu eftir umferðarreglum og virtu rétt annarra stíganotenda.



**ÖRYGGI** Nauðsynlegt er að kunna helstu öryggisreglur varðandi hjólreiðar.

# Dáleiðslunemar bjóða meðferð

**Nemar á dáleiðslunámskeið hjá breska dáleiðslukennaranum John Sellars bjóða ókeypi meðferð í æfingaskyni**

Dáleiðslunámskeið stendur nú yfir í Reykjavík, en það er fjórða námskeið sinar tegundar hér á landi á einu ári. Kennari er dáleiðarinn og dáleiðslukennarinn John Sellars frá Bretlandi, en hann hefur þrjátíu ára reynslu af dáleiðslu og hefur meðal annars þróað sérstaka dáleiðslumeðferð gegn þunglyndi. Sellars til aðstoðar er Alexis Main. Fyrri hluta námskeiðsins er að ljúka og þurfa nemendur að fá til sín fólk í dáleiðslumeðferð til æfingar fram að seinni hluta námskeiðsins, sem hefst í byrjun júní. Nemendurnir eru þegar þjálfaðir í að veita slökun, fjarlægja kvíða, aðstoða við endurupplifun minninga, auka sjálfstraust, bæta sjálfsímynd og ýmislegt fleira. Eftir seinni hluta námskeiðsins er þess vænst að þeir geti aðstoðað fólk við að hætta að reykja og við að léttast, svo dæmi séu nefnd. Nemendurnir óska nú eftir sjálfboðaliðum til að prófa dáleiðslumeðferð án endurgjalds. Áhugasömum er bent á heimasíðuna dáleiðsla.is þar sem hægt er að komast í samband við nemana og fá tíma.



**John Sellars segir mikla viðhorfsbreytingu orðna á Íslandi og fólki þyki nú sjálfsagt að nýta þessa meðferð.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

ÞRIÐJUDAGUR 8. MAÍ 2012

# SKÓLAR
## &NÁMSKEIÐ

**Kynningarblað** Kindle eykur námsáhuga, skólaganga kvenna, faglegt söngnám, konur fjölmennar í háskólum, leiðsögumannanám, ofmetnar bækur.





Kvennaskólinn í Reykjavík. Skólinn var fyrst stofnaður árið 1874 af Þóru Melsteð og eiginmanni hennar Páli Melsteð.

## SKÓLAGANGA KVENNA Á ÍSLANDI

**Konur höfðu** ekki fullan rétt til náms hér á landi á við karla fyrr en árið 1911. Árið 1987 urðu konur í fyrsta skipti fjölmennari en karlar í hópi innritaðra stúdenta við Háskóla Íslands og hafa verið í meirihluta síðan. Frá árinu 1984 hafa konur verið fjölmennari en karlar í hópi nemenda á sérskóla- og háskólastigi á Íslandi, samkvæmt upplýsingum á Vísindavef Háskóla Íslands.

*Eftirfarandi staðreyndir um konur og skólagöngu á Íslandi eru fengnar af vef Kvennasögusafns Íslands.*

**1872** Nicoline Weywadt lærði ljósmyndun í Kaupmannahöfn 1871-1872, fyrst kvenna á Íslandi. Hún stundaði ljósmyndun í um þrjátíu ár á Djúpavogi og kom sér upp vinnuaðstöðu á Teigarhorni.

**1874** Kvennaskólinn í Reykjavík var stofnaður af Þóru Melsteð og eiginmanni hennar Páli Melsteð, með fjárstuðningi íslenskra og erlendra aðila. Skólinn var fyrsta menntastofnunin sem bauð konum upp á formlega menntun. Fleiri kvennaskólar voru stofnaðir næstu árin.

**1889** Camilla Torfason lauk stúdentsprófi fyrst kvenna, eftir því sem næst verður komist, frá Trier-menntaskólanum í Kaupmannahöfn.

**1892** Ingibjörg H. Bjarnason lauk leikfimiprófi, fyrst Íslendinga, frá Poul Petersens Institut í Kaupmannahöfn. Ári síðar hóf hún dans- og leikfimikennslu í Reykjavík fyrir börn og ungar stúlkur.

**1910** Ásta Kristín Árnadóttir lauk iðnmeistaraprófi í Kaupmannahöfn, fyst Íslendinga. Ásta var jafnfram fyrsta íslenska konan sem lauk iðnnámi.

**1911** Lög um menntun kvenna og rétt til embætta voru samþykkt á Alþingi. Konur fengu fullan rétt til menntunar og embætta með þessum lögum.

**1945** Geirþrúður Hildur Bernhöft lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands, fyrst kvenna. Hún lét ekki vígjast til prests.

**1945** Jórunn Viðar lauk prófi í tónsmíðum, fyrst kvenna, frá The Juilliard School of Music í New York.

**1946** Valgerður G. Þorsteinsdóttir tók sólópróf í flugi, fyrst kvenna.

**1978** Guðrún Ólafsdóttir lauk sveinsprófi í rafvirkjun, fyrst kvenna.

*www.kvennasogusafn.is*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



Nemendur níunda bekkjar Vogaskóla fengu Kindle-lesbretti í janúar og hefur tækið aukið áhuga þeirra á náminu.

# Kindle hefur jákvæð áhrif á skólanámið

**Öllum nemendum 9. bekkjar Vogaskóla var afhent Kindle-lesbretti í janúar til notkunar á vorönn. Áhugavert og jákvætt verkefni, segir skólastjóri.**

Það var Skólavefurinn sem setti af stað verkefnið ásamt Námsgagnastofnun. „Það hefur sýnt sig að Kindle-lestölvan hefur tvímælalaust aukið áhuga nemenda á námi og lestri," segir Jónína Ólöf Emilsdóttir, skólastjóri Vogaskóla, og bætir við að reynslan sé framar vonum.

„Báðir níundu bekkirnir hjá okkur hafa verið með Kindle í vetur og reynslan er mjög góð, enda hefur verið haldið vel utan um þetta tilraunaverkefni. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor hjá Háskóla Íslands, hefur komið hingað reglulega og metið stöðuna. Hann fylgist vel með hvernig verkefnið gengur. Þessi eftirfylgni er afar mikilvæg að mínu mati. Þar fyrir utan er mikill pappírssparnaður í skólanum," segir Jónína og bætir því við að möguleikar séu margir með Kindle, hægt að stækka og minnka letur eftir þörfum.



Jónína Emilsdóttir, skólastjóri Vogaskóla.

„Nemendurnir geta náð sér í forvitnilegar bækur til að lesa. Strákar eru sérstaklega hrifnir af öllum tækjum og lestölvan eykur áhuga þeirra á lestri."

Jónína segir að þetta tilraunaverkefni sé jákvætt á allan hátt og sýni að lestölvur séu framtíðin í skólastarfinu. „Ég vonast til að verkefnið haldi áfram næsta vetur hjá þessum hópi og að hann klári grunnskólann með Kindle. Þetta er að gefa það góða raun bæði hjá kennurum og nemendum að við vonum að þetta verði áfram."

Þegar Jónína er spurð hvort aðrir nemendur líti ekki öfundaraugum á níundu bekkinga segir hún svo vera. „Þessi hópur var valinn því árgangurinn hentaði betur en tíundi bekkur sem er að klára grunnskólann í vor."

Alls eru 42 nemendur sem nota Kindle-lesbretti í Vogaskóla en það er eini skólinn á landinu sem tekur þátt í tilraunaverkefninu. Námsgagnastofnun útbjó nokkrar rafrænar námsbækur fyrir þennan hóp. „Þetta er mjög áhugavert og jákvætt verkefni sem er að skila sér inn í skólastarfið," segir Jónína.

[ Nám í Hönnun, Sjónlistum, Stjórnun og Tízku. ]

ENGLAND • ÍTALÍA • KANADA • SKOTLAND • SPÁNN



Með samstarfi við alþjóðlega fagháskóla í **fimm löndum** getum við boðið mikið úrval námsleiða og nám sem er í raunhæfum tengslum við fyrirtæki sem starfa á sviði hinna skapandi greina.

ÍTALÍA / SPÁNN
*Istituto Europeo di Design.*

ENGLAND
*University of the Arts London • Arts University College Bournemouth • Bournemouth University.*

SKOTLAND
*The Glasgow School Of Art.*

NOVA SCOTIA
*Acadia University.*

**Dæmi um nám í boði:**
*Fatahönnun • Grafísk hönnun • Margmiðlun • Markaðsfræði Kvikmyndagerð • Arkitektúr • Innanhússhönnun • Vöruhönnun • Blaðamennska • Viðburðastjórn • Viðskiptafræði.*

lingó MÁLAMIÐLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

Söngskólinn í Reykjavík

**INNRITUN** í allar deildir fyrir veturinn 2012-2013 •
**INNTÖKUPRÓF** fara fram á tímabilinu 21-29. maí •

SÖNGNÁM • Klassík / Söngleikir / Þjóðlagatónlist
• **Unglingadeild yngri** *11-13 ára*
• **Unglingadeild eldri** *14 -15 ára*
• **Almenn tónlistardeild** *Grunn-/Mið-/Framhaldsnám*
• **Háskóladeild** *Einsöngs-/Söngkennaranám*

• www.songskolinn.is
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans að Snorrabraut 54, sími 552-7366 kl. 10-16 alla virka daga

PIPAR\TBWA • SÍA

Umsóknarfrestur til **6. JÚNÍ**




Keilir er alhliða menntafyrirtæki með aðsetur á Ásbrú í Reykjanesbæ sem býður vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Innan Keilis eru fjögur sérhæfð námssvið; Flugakademía, Íþróttaakademía, Tæknifræði og Háskólabrú. Komdu í nútímalegt, metnaðarfullt og skemmtilegt nám. **Komdu í Keili!**

## HÁSKÓLABRÚ

Á Háskólabrú Keilis er boðið upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. Að námi loknu uppfylla nemendur inntökuskilyrði í háskóla hérlendis og erlendis. Háskólabrú er skipulögð í samstarfi við Háskóla Íslands.

Kennsla við Háskólabrú fer fram í staðnámi á Ásbrú í Reykjanesbæ og á Akureyri í samstarfi við SÍM.

Hægt er að fá námslán hjá LÍN fyrir námi á Háskólabrú.

## TÆKNIFRÆÐI (BS-gráða)

Keilir býður upp á hagnýtt háskólanám í tæknifræði (BS-gráða). Námið er til þriggja ára og er hagkvæmasta verk- og tæknifræðinám sem hægt er að stunda á Íslandi. Það skilar nemendum vel undirbúnum á vinnumarkað þar sem mikill skortur er á tæknifræðingum og hentar vel hvort sem þú hefur lokið stúdentsprófi eða útskrifast úr iðnnámi. Hægt er að sérhæfa sig í orku- og umhverfistæknifræði eða mekatróník hátæknifræði.

## FLUGNÁM, FLUGUMFERÐARSTJÓRN OG FLUGÞJÓNUSTA

Flugakademía Keilis býður upp á nám í einkaflugi, atvinnuflugi, flugþjónustu og flugumferðarstjórn. Flugfloti Keilis er bæði nýstárlegur og hátæknilegur og nemendur njóta þess að læra á nýjustu mælitæki flugvéla sem samsvara þeim sem flugrekendur nota í sínum rekstri. Flugakademían er vinsæll valkostur bæði innlendra og erlendra nemenda sem hafa áhuga á flugi.

Hægt er að fá námslán hjá LÍN fyrir bóklegu og verklegu námi í atvinnuflugi og flugumferðarstjórn.

## ÍAK EINKAÞJÁLFUN

Íþróttaakademía Keilis býður upp á krefjandi, skemmtilegt og metnaðarfullt nám í ÍAK einkaþjálfun. Miklir atvinnumöguleikar eru fyrir ÍAK þjálfara og samkvæmt könnunum á vegum Keilis eru þeir eftirsóttir þjálfarar. Nám í ÍAK þjálfun miðar að því að skila þjálfurum tilbúnum til starfa og er rík áhersla lögð á verklega kennslu samhliða bóklegri.

Kennt er í fjarnámi með staðlotum á Ásbrú í Reykjanesbæ og á Akureyri.

Hægt er að fá námslán hjá LÍN fyrir námi í ÍAK einkaþjálfun.

**Nánari upplýsingar á www.keilir.net**

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs



Konur eru líklegri en karlar til að fara í háskóla en hækka minnst í launum.

# Konur í meirihluta

**Konur voru meirihluti skráðra framhalds- og háskólanema árið 2011. Kynjaskipting er nokkur á milli námsbrauta en 25 námsbrautir eru eingöngu með skráða karla og 21 námsbraut eingöngu með konur.**

Á undanförnum árum og áratugum hefur hlutfall kynjanna snúist við þegar kemur að fjölda skráðra nemenda í skólum sem bjóða nám ofar grunnskólastigi. Á vef Hagstofunnar má sjá að konur eru meirihluti nemenda á öllum skólastigum fyrir ofan grunnskóla, eða 55,9%. Kynjaskiptingin er einnig bundin við hinar ýmsu greinar en alls er 21 námsbraut þar sem eingöngu konur eru skráðar. Þar á meðal eru námsbraut hjúkrunar- og móttökuritara, skólaliðabraut, tanntæknabraut, læknaritarabraut, ljósmóðurfræði, kjólasaumur, fótaaðgerðafræði og öldrunarfræði.

### Karlabrautir

Brautirnar sem karlar sækja frekar í eru 25 og eru meðal annars rafiðnfræði, véliðnfræði, múraraiðn, mekatróník, netagerð og stálsmíði. Munurinn eykst svo þegar komið er á háskólastig en á Hagstofuvefnum má sjá að árið 2011 var hlutfall kvenna í háskólum 62% á móti 38% karla. Hlutfallið er þó breytilegt eftir háskólum og deildum.

### HR sker sig úr

Séu einstaka skólar skoðaðir sést að hlutfall kvenna í Háskóla Íslands var 65%, í Hólaskóla 77%, í Háskólanum á Akureyri 76%, á Bifröst 58%, í Listaháskóla Íslands 59% og í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri var það 66%. Eini háskólinn sem skar sig úr af þessum skólum er Háskólinn í Reykjavík með 40% konur.

Það má leiða líkur að því að ástæður þessa háa hlutfalls karla séu þær að námsbrautir HR séu þær sem að karlar sæki hvað mest í miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

### Konurnar námsfúsar

Karlar eru hins vegar í meirihluta þegar kemur að greinum á viðbótarstigi; en þar undir falla námsbrautir sem eru á mörkum framhaldsskóla- og háskólastigs. Þar mætti nefna meistaranám löggiltra iðngreina, iðnfræði, leiðsögunám, ferðafræðinám, margmiðlun og fjórða stig vélstjórnar.

Konur virðast því viljugri og líklegri til að stunda langskólanám en karlar. Spurningin er svo hvort það skili sér í betri launum, en óútskýrður kynbundinn launamunur er enn yfir 10% miðað við nýjustu kannanir SVR og VR. Könnun VR sýnir að kvennastéttir, þar sem konur eru 70% fleiri en karlar, hækka launin minnst annað árið í röð.

## UM ÞRIÐJUNGUR LANDSMANNA Í SKÓLA



**Menntakerfið á Íslandi er mjög viðamikið.** Á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis kemur fram að leikskólar, sem eru fyrsta skólastigið, séu 282 talsins á landinu öllu og að leikskólabörnin séu 17.446. Grunnskólarnir eru 174 og nemarnir 43.511.

Þegar skólaskyldu er lokið og stefnan er tekin á meira nám má velja um 35 framhaldsskóla. Flestir þeirra, eða 16 talsins, eru á höfuðborgarsvæðinu en allir landshlutar státa af að minnsta kosti einum skóla á framhaldsskólastigi. Framhaldsskólanemendur eru tæplega þrjátíu þúsund eða 29.271.

Háskólarnir eru sjö talsins á landinu öllu. Þrír þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands. Á Vesturlandi eru tveir háskólar, Háskólinn á Bifröst og Landbúnaðarháskólinn og á Norðurlandi eru einnig tveir háskólar, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Hólum. Rúmlega 18 þúsund manns stunda nám á háskólastigi.

Heildarfjöldi nemenda á þessum fjórum skólastigum er 108.239 sem er um það bil þriðjungur allra landsmanna. Þá eru ótaldir tónlistarskólanemarnir sem eru 639 í 89 skólum.


Við unglingadeild skólans fá krakkar á aldrinum 11-15 ára kennslu í einsöng, sviðshreyfingu, framkomu, tónheyrn, samsöng og röddun.
MYND/ JÓN KRISTINN CORTEZ

# Faglegt söngnám

**Söngskólinn í Reykjavík býður upp á vandað söngnám fyrir fjölbreyttan hóp nemenda.**

Garðar Cortes stofnaði Söngskólann í Reykjavík árið 1973. Nú, nærri fjörutíu árum síðar, starfa rúmlega þrjátíu kennarar við skólann og nemendur eru um tvö hundruð frá ári til árs. Allt frá upphafi hafa Garðar og samstarfsfólk hans unnið náið með The Associated Board of the Royal Schools of Music í Bretlandi, en þaðan koma til að mynda tveir prófdómarar ár hvert og meta frammistöðu nemenda. Skólinn er nú staðsettur í eigin húsnæði að Snorrabraut 54 (gamla Osta- og smjörsalan) og býður upp á vandað og faglegt söngnám fyrir fjölbreyttan hóp nemenda.

Háskólanámið skiptist í einsöngvara- og söngkennaranám, en langflestir söngkennarar á Íslandi hafa einmitt hlotið menntun sína í Söngskólanum. Almenna tónlistardeildin skiptist í grunn-, mið- og framhaldsnám en þar er áherslan lögð á góða grunnmenntun í tónlist, með röddina sem útgangspunkt og aðalhljóðfæri.

Líflegasta deild söngskólans um þessar mundir er þó líklega unglingadeildin, þar sem krakkar á aldrinum 11-15 ára fá kennslu í einsöng, sviðshreyfingu, framkomu, tónfræði, tónheyrn, samsöng og röddun. Ásrún Davíðsdóttir, aðstoðarskólastjóri, segir mjög gaman að fylgjast með krökkunum og sjá þá blómstra þegar á líður. „Námið hér er vissulega markvisst og faglegt, það er afar mikilvægt að ungviðið fái faglega og rétta kennslu frá byrjun, því óvönduð vinnubrögð þeirra sem ekki kunna til verka geta beinlínis skemmt ungar og óharðnaðar raddir til frambúðar.“ Að sögn Ásrúnar veitir námið í Söngskólanum nemendum mikla gleði og byggir upp sjálfstraust þeirra. „Við höfum margoft séð krakka, sem hafa verið heldur til baka í byrjun hreinlega springa út hjá okkur.“

Unglingadeildin hefur verið starfrækt í 12 ár og skiptist í yngri (11-13 ára) og eldri (14-15 ára) deild. Allir umsækjendur þreyta inntökupróf, en um þrjátíu þeirra komast árlega inn. „Við hlustum eftir því hvort röddin sé óskemmd og með góða þroskamöguleika,“ segir Ásrún. „Tóneyrað þarf einnig að vera til staðar og önnur undirbúningsmenntun hjálpar auðvitað til, þótt ekki sé hún nauðsynleg.“

Hverju námsári unglingadeildar lýkur síðan með vortónleikum, sem þóttu takast sérstaklega vel í ár. Þar voru flutt nokkur vel valin lög eftir bræðurna Jónas og Jón Múla Árnasyni, ásamt söngleikjatónlist og þekktum söngvum úr Disney-myndum. „Það var frábært að sjá hvað krakkarnir höfðu bætt sig mikið; hvað þau voru glöð og örugg á sviðinu. Námið hafði greinilega skilað sér og vonandi að sem flest þeirra byggi á þessum góða grunni til framtíðar.“



MENNTAÁÆTLUN EVRÓPUSAMBANDSINS

Menntaáætlun Evrópusambandsins styrkir menntun og þjálfun á öllum stigum, frá leikskóla til háskóla auk fullorðinsfræðslu og starfsþjálfunar.

Um **15.000 íslendingar** hafa fengið styrki til náms- og starfsþjálfunar í **Evrópu** síðustu 17 árin. Mun fleiri hafa tekið þátt í ýmiskonar verkefnum.

**Nánari upplýsingar á www.lme.is**



Núverandi leiðsögunemar lögðu af stað í sex daga hringferð um landið á laugardaginn. Ferðalagið er hluti af náminu, kynnir þeim landið og æfir þá í leiðsögumennsku. Hér eru þeir við Snorralaug.



Anna Dóra Sæþórsdóttir er dósent í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Hún segir leiðsögumannastarfið það allra skemmtilegasta sem hún hefur starfað við. MYND/VILHELM

# Bráðvantar fagmenntaða leiðsögumenn

**Erlendum ferðamönnum fjölgar stöðugt á Íslandi og þörf fyrir fagmenntaða leiðsögumenn verður sífellt meiri. Nú í sumarbyrjun útskrifast þriðji hópur nemenda í Leiðsögunámi á háskólastigi hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og nú þegar rignir yfir þau freistandi atvinnutilboðum.**

Góður leiðsögumaður þarf að vera umhyggjusamur og hafa gaman af mannlegum samskiptum því starfið snýst um lifandi fólk með misjafnar þarfir og þarfnast umhyggju og hlýju á meðan það ferðast,“ segir Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Anna Dóra er einn af fjölmörgum kennurum í Leiðsögunáminu og hefur margra ára starfsreynslu sem leiðsögumaður.

„Að vera leiðsögumaður er það allra skemmtilegasta sem ég hef reynt um dagana. Það er afskaplega krefjandi því leiðsögumenn þurfa að vera til staðar og gefa af sér allan sólarhringinn. Leiðsögumenn verða því eins konar mömmur ferðafólksins, taka það að sér og sinna þörfum þess á persónulegan hátt svo öllum líði vel.“

Anna Dóra segir margt geta gerst á ferðalagi með erlenda ferðamenn, enda sé flestum framandi upplifun að koma til Íslands og þá opnist stundum allar tilfinningagáttir.

„Í Leiðsögunáminu er því meðal annars farið í hópefli og sálgæslu því starfið reynir á margt í einu og þar á meðal að geta sinnt mannlegum þörfum í bland við að miðla góðri þekkingu á landi og þjóð.“

Leiðsögunám Endurmenntunar er þriggja missera, 60 eininga nám sem hægt er að fá viðurkennt sem aukagrein með ferðamálafræði og jafnframt í Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Hægt er að stunda það ýmist í staðbundnu námi eða fjarnámi. Kennslustundir eru teknar upp og því hægt að stunda stóran hluta námsins hvar sem er í heiminum og á þeim tíma sem nemendum hentar best. Nú þegar hafa nokkrir lokið náminu sem voru búsettir erlendis meðan á því stóð. Námskeiðin kenna bestu sérfræðingar á hverju fagsviði.

„Leiðsögunámið er fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi. Lögð er meginánersla á hagnýta þekkingu á sviði leiðsagnar með erlenda ferðamenn og að nemendur þekki nýjustu kenningar á öllum sviðum fagsins, því sú þekking tekur stöðugum framförum. Með því verður leiðsögnin meira lifandi og skemmtilegri fyrir leiðsögumanninn sjálfan sem og ferðamennina sem heyra það nýjasta í stað þekktra staðreynda sem þeir geta sjálfir lesið um í ferðahandbókum,“ segir Anna Dóra.

Hún bætir við að með auknum fjölda ferðamanna til landsins vinni æ fleiri Íslendingar við leiðsögn allt árið og yfir sumartímann sárvanti góða, fagmenntaða leiðsögumenn.

„Við förum yfir ímynd lands og þjóðar í náminu og viljum að nemendur hafi haldgóða þekkingu á helstu þáttum náttúrufars, sögu og menningu Íslands. Þá er mikilvægt fyrir leiðsögumenn að vera vel að sér í einu erlendu tungumáli og þarf umsækjandi að standast inntökupróf í tungumálinu,“ segir Anna Dóra.

Nokkrir af útskrifuðum leiðsögumönnum frá Endurmenntun hafa að námi loknu stofnað eigin fyrirtæki á meðan aðrir vinna fyrir stór ferðaþjónustufyrirtæki.

„Möguleikar leiðsögumanna í starfi eru fjölbreyttir. Ferðir eru misjafnar og mislangar. Farið er í stuttar ferðir innan borgarinnar, í dagsferðir út á land og lengri ferðir á landsbyggðina. Því hentar starfið ólíkum þörfum leiðsögumanna vel,“ segir Anna Dóra.

Í Leiðsögunám sækir fólk á öllum aldri og af báðum kynjum. Inntökuskilyrði eru að lágmarki stúdentspróf eða sambærileg menntun, en margir leiðsögunemar eru með fjölbreytta menntun þar að auki.

Leiðsögunám hefst í september 2012. Umsóknarfrestur er til 4. júní. Kynningarfundur verður í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7, 30. maí, klukkan 17.15. Nánari upplýsingar á www.endurmenntun.is.

# Alltaf gaman að fara Gullna hringinn

**Leikkonan og viðskiptafræðingurinn Júlía Hannam vildi breyta til þegar hún stóð á fimmtugu, en þá uppgötvaði hún að þeir sem eru komnir yfir fimmtugt eru ekki lengur vinsælir á vinnumarkaði. Í leiðsögumennsku er lífaldur hins vegar mikils metinn og þar blómstrar Júlía sem aldrei fyrr.**

Það blundaði í mér þrá til að auka þekkingu mína á landafræði, sögu og jarðfræði menntaskólaáranna og þegar mér barst auglýsing frá Endurmenntun um leiðsögunámið kviknaði löngun til að setjast aftur á skólabekk,“ segir Júlía og bætir við að sér hafi þótt stór plús að skemmtilegt námið gæfi henni einnig starfsréttindi.

„Þegar ég fór svo beint út á vinnumarkað að lokinni útskrift kom mér skemmtilega á óvart hversu breitt aldursbilið er meðal starfandi leiðsögumanna og að í þeim geira kann fólk að meta aldur, lífsreynslu og þroska.“

Júlía bjó áður um sjö ára bil í Bandaríkjunum og talar því ensku eins og móðurmál sitt. Hún ferðast nú með bandaríska og breska ferðamenn um landið.

„Nú er ég reyndar að læra frönsku í Háskólanum og vonast til að geta leiðsagt frönskum ferðamönnum í framtíðinni.“

Júlía segir námið hafa nýst sér frábærlega eftir að hún byrjaði að vinna sumarið eftir útskrift 2010.

„Í fyrstu var dálítið taugatrekkjandi að fara af stað með fulla rútu af ferðamönnum en nú finnst mér orðið eðlilegt að sækja nývaknaða og eilítið morgunfúla Breta í skemmtiferðaskip að morgni og skila þeim brosandi og alsælum til baka eftir daginn,“ segir Júlía og hlær dátt.

„Mér finnst alltaf jafn gaman að fara Gullna hringinn og í hvaða ferð sem er því þótt maður hafi komið þangað alloft áður verður upplifunin alltaf ný með nýju fólki. Mér finnst gaman hvað ferðafólkið er ánægt með Ísland og kann vel að meta allt hér. Þetta er yndislegt fólk upp til hópa og ég hlakka til allra ferða,“ segir Júlía.

Hún segir lífið birtast í öllum myndum á ferðalögum og að stutt sé á milli gleði og sorgar.

„Ég hef verið heppin að enginn hefur slasast eða látist hjá mér í ferð en slíkt getur alltaf átt sér stað og er örugglega erfitt verkefni að mæta. Maður þarf því alltaf að sýna nærgætni og gott að vera mannblendinn og úthverfur persónuleiki í þessu starfi, hafa gaman af mannlegum samskiptum og öllu fólki, sama hvernig það er.“

Júlía segir leiðsögunámið hafa verið skemmtilegt en strembið, enda miklar kröfur gerðar til nemenda.



Hér stendur leiðsögumaðurinn Júlía í öskuumhverfi við veginn á Sólheimajökli, réttum mánuði eftir að eldgos í Eyjafjallajökli hófst. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Á mínum aldri verður maður afar metnaðargjarn og sættir sig við ekkert nema góðar einkunnir. Ég naut þess alls með æðislegum hópi samnemenda sem enn heldur hópinn og verða örugglega vinir fyrir lífstíð.“

# *Ofmetnustu bækur sögunnar*

Það kannast flestir við spurningar eins og: „Hver er uppáhaldsbókin þín?“ eða „Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?“ Mörgum verður svara vant þegar þeir fá svona spurningar en nú getur fólk fengið aðstoð við svörin. Vefsíðan listverse.com hefur sérhæft sig í ógrynni alls kyns topp tíu lista sem er áhugavert að skoða. Einn af þessum listum er yfir þær tíu skáldsögur sem síðuhöfundar telja vera þær ofmetnustu.

### 1. Emma - Jane Austen



Segið það sem þið viljið en bók þar sem nánast ekkert gerist fyrstu 400 blaðsíðurnar, en þá þroskast barnalega stúlkan skyndilega og giftist sér mun eldri manni sem er kallaður herra Knightley (og þau lifa hamingjusöm til æviloka) ætti ekki að vera talin besta bók allra tíma. Þessi bók er jafngildi skvísubókmennta nútímans, léttmeti fyrir unglingsstúlkur og langt frá því að vera besta skáldsaga sem rituð hefur verið og hún því talin sú ofmetnasta af öllum.

### 2. Fýkur yfir hæðir - Emily Brontë

Þessi bók er klassísk af því að – ja, það virðist ekki vera mikil ástæða fyrir því. Þrátt fyrir að bók hafi verið tímamótaverk þýðir það ekki að hún verði sjálfkrafa klassísk. Fýkur yfir hæðir gerir sig seka um þrjá stóra galla: hún eldist illa, er illa uppbyggð og er ekki vel skrifuð.

### 3. Hinn mikli Gatsby - F. Scott Fitzgerald

Þessi bók seldist upp fyrir næstum þremur áratugum og var ekki endurprentuð. Já, svo mikilvægur var Fitzgerald. Bókin var svo endurútgefin á sjöunda áratugnum eftir að tveir fræðimenn skrifuðu fjölda lærðra greina um „snilld“ Fitzgeralds. Hún var kennd í öllum framhaldsskólum í Bandaríkjunum og síðan hafa ómað kvartanir nemenda yfir að þessi „sápuópera“ hafi verið tekin úr prentbanni.

### 4. Aulabandalagið - John Kennedy Toole

Þetta er „gamansaga“ sem fær fólk til að brosa stundum út í annað en hún kemur líka með þrjátíu brandara sem eru ekkert fyndnir. Bókin brýtur jafnframt eina af frumreglum bókmennta; ef lesandinn sér eina sögupersónuna sem hetju verður sú persóna að vera einhver sem honum líkar eða að minnsta kosti einhver sem hann hefur samúð með.




### 5. Da Vinci lykillinn - Dan Brown

Þessi bók er elskuð af fjöldanum en bókmenntafræðingar hugsa ekki næstum jafn vel til hennar. Margar staðreyndavillur eru í bókinni, rithátturinn er slæmur og barnalegur og almennar skoðanir eru settar fram sem staðreyndir.

### 6. Hundrað ára einsemd - Gabriel García Márquez




Þessi bók er talin vera meistaraverk en hún er ótrúlega flókin og henni er aðallega haldið á lífi með því að hún er kennd í háskólum. Þegar maður er kominn með útskýringatexta sem er orðinn þykkari en bókin sjálf er maður kominn í vandræði.

### 7. Atlas Shrugged - Ayn Rand

Atlas Shrugged er hægt, þunnt, pólitískt og móralskt fræðirit. Bókin hefur verið lofuð fram úr hófi og engin leið að hún gæti sloppið við sæti á þessum lista.

### 8. White Noise og Underworld - Don Delillo

Flestir aðdáendur þessara verka Delillo eru háskólaprófessorar en almennir lesendur kaupa þau ekki. Þó eru þeir prófessorarnir sem engan áhuga hafa á verkunum jafnmargir og þeir sem finnst þau góð. Niðurstaðan = ofmetin verk.

### 9. A Passage to India - E.M. Forster

Bókin er talin hafa elst illa, söguþráðurinn er hægur og gamaldags og karakterarnir eru óraunverulegir.

### 10. Hringadróttins saga - þríleikurinn - J.R.R. Tolkien

Tolkien var prófessor og uppfinningamaður frekar en rithöfundur og það sést í þessum bókum hans. Sagan er góð en í seríu, sem er talin ein sú besta allra tíma, er rithátturinn og skrifin sjálf ofmetin.



Mikil eftirspurn er eftir forriturum og lögfræðingum segir Lind Einarsdóttir. MYND/AÐSEND

# Fleira skiptir máli en háskólamenntun

**Erfitt er spá fyrir um hvaða menntun muni skipta mestu máli næstu árin. Starfsreynsla mun líka skipta máli við starfsmannaval.**

Ráðningarstofan Talent Ráðningar var stofnuð árið 2007 og hefur því á skömmum tíma kynnst góðæri og niðursveiflu á atvinnumarkaðnum. Lind Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Talent Ráðninga, segir eftirspurn eftir ákveðinni menntun hafa breyst árin eftir hrun en þó sé alltaf eftirspurn eftir fólki með ákveðna menntun og starfsreynslu. „Þeir aðilar sem virðast vera í bestum málum eru tæknimenntað fólk og þá helst forritarar. Við sitjum og bíðum eftir forriturum á lausu. Einnig má nefna lögfræðinga en mikil eftirspurn var eftir þessum tveimur starfsstéttum bæði í uppsveiflunni og eftir hrun.“




Góð tækni- og tölvumenntun skiptir máli í framtíðinni. ÆLASKDÆLASD

### Ólíkar námsleiðir gagnlegar

Erfitt er að spá fyrir um framtíðina þegar kemur að því að segja til um hvaða menntun gagnist best á næstu árum. Lind segist þó nokkuð viss um að góð tækni- og tölvumenntun muni skipta máli. „Ég held að það verði mikil ásókn í þessar greinar næstu árin, einnig verkfræðimenntun og menntun sem tengist nýsköpun.“ Hún nefnir að sífellt sé að færast í aukana að fólk klári til dæmis tölvu- og tæknitengt nám, verkfræði eða stærðfræði sem er BS-nám og bæti síðan við sig öðru námi, til dæmis frumkvöðlafræði, stjórnun eða mannauðsstjórnun.

1800x900 mm, brúnt.

Vnr. 0291415
1800x1800 mm, brúnt.

Vnr. 0291416
1800/900x900 mm, brúnt.

Vnr. 0291422
900x1800 mm, brúnt.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Njóttu vel. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

EXPO · WWW.EXPO.IS













**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 10:20 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL. TALI | KL. 6 | 2D | L |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL. TALI | KL. 5 | 2D | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS (3D) | KL. 6 - 9 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL. TALI | KL. 6 | 2D | L |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| IMPY´S WONDERLAND M/ ÍSL. TALI | KL. 6 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 | 16 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 11. | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| TITANIC | KL. 9 | 3D | L |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 | 2D | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 6 - 8 | 2D | 14 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL. TALI | KL. 6 | 2D | |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS



SMÁRABÍÓ · HÁSKÓLABÍÓ · midi.is
















**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR · AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10.30 - 11 | 10 |
| THE AVENGERS LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.30 | L |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS · AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GRIMMD (BULLY) | KL. 5.45 - 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 10.15 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |

**BORGARBÍÓ** ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI · NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE RAID | KL. 10 | 16 |
| GRIMMD (BULLY) | KL. 8 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 6 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 6 | L |



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%










ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE RAID | 8 og 10.10 |
| THE AVENGERS 3D | 7 og 10 |
| 21 JUMP STREET | 8 |
| AMERICAN PIE: REUNION | 5.30 |
| HUNGER GAMES | 10.20 |
| LORAX 3D | 6 |


# Fersk og óvænt plata

Tónlist ★★★★☆

**Fearless**

Legend

Hljómsveitin Legend er skipuð Krumma Björgvins og Halldóri Ágústi Björnssyni. Hún hefur verið að spila eitthvað opinberlega, en Fearless er fyrsta platan. Þetta er kraftmikil elektrónísk rokktónlist sem minnir á listamenn eins og Nine Inch Nails og Depeche Mode. Það mætti kannski staðsetja hana einhvers staðar á milli þessara tveggja sveita, hún er dekkri og kraftmeiri heldur en þetta dæmigerða Depeche Mode-lag, en léttari en flest sem NiN hefur gert.

Það kom skemmtilega á óvart hvað þetta er heilsteypt og sterk plata. Fyrsta lagið, Amazon War, kemur manni strax í fílinginn. Mjög flott upphafslag sem stigmagnast glæsilega. Næsta lag, Benjamite Bloodline kemur svo eins og í beinu framhaldi.




Tónlist Legend er ekkert lík fyrri hljómsveitum Krumma (Mínus, Esja) og hann syngur öðruvísi en áður. Það er greinilegt að röddin hans smellpassar við þessa tegund tónlistar. Þriðja lagið City er svolítið léttara og dansvænna og svo koma lögin hvert af öðru, Sister (mjög Depeche Mode-legt), Violence, Runaway Train, Fearless, Sudden Stop, Devil In Me og lokalagið Lust sem minnir töluvert á þýsku eðalsveitina DAF.

Þó að tónlistin á Fearless minni mikið á þessar gömlu sveitir þá hefur hún samt líka sín eigin sérkenni. Og hún kemur fersk inn í íslenska tónlistarflóru ársins 2012. Eins og skrattinn úr sauðarleggnum – á heildina litið frábær plata.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Nýjasta hljómsveitin hans Krumma með frábæra plötu.

# Hljómskálanum troðið í Hörpu

„Þetta leggst mjög vel í mig. Eina vandamálið er hvernig við eigum að troða Hljómskálanum inn í Hörpuna. Það er verkfræðilegt úrlausnarmál en við hugsum í lausnum,“ segir Bragi Valdimar Skúlason.

Hljómskálamennirnir Sigtryggur Baldursson, Bragi Valdimar og Guðmundur Kristinn Jónsson ætla að blása til tónlistarveislu í Hörpu 2. júní í tilefni Listahátíðar í Reykjavík. Þangað ætla þeir að mæta með alla sína vini úr sjónvarpsþættinum vinsæla, Hljómskálanum.

Þarna verða yfir tuttugu manns, sem langflestir hafa komið fram í þáttunum, og stíga á svið. Meðal þeirra sem spila saman eru Magnús Þór og Jónas Sigurðsson, Unnsteinn Manuel Stefánsson og Egill Sæbjörnsson, Ragnhildur Gísladóttir og Lay Low og Hjálmar og Jimi Tenor frá Finnlandi. Aðrir kunnir gestir verða Megas, Ágústa Eva Erlendsdóttir og Valdimar. „Þetta verða lög úr þáttunum í vetur og svo ætlum við jafnvel að hræra meira í hópnum og plata fólk til að syngja saman og eitt og sér.“



**HLJÓMSKÁLINN** Megas og Bogomil Font spilar báðir í Eldborgarsal Hörpunnar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðspurður segir Bragi Valdimar óvíst hvort þættirnir halda áfram næsta vetur. „Það er allt inni í myndinni. Það er alla vega af nógu að taka enn þá.“ **- fb**

# Skarsgård ekki á föstu

**Alexander Skarsgård var nýverið orðaður við leikkonuna Charlize Theron en sjálfur segist hann vera laus og liðugur.**

**Í nýlegu sjónvarpsviðtali vill Skarsgård ekki kannast við það að hafa nokkru sinni verið á föstu með Theron og slær spurningunni upp í grín. „Erum við par? Það hafði ég ekki heyrt. Ég vona að við séum mjög hamingjusöm saman,“ sagði leikarinn sem fer með hlutverk í stórmyndinni Battleship auk Liam Neeson, Taylor Kitsch og Rihönnu. Áður var Svíinn og leikkonan Kate Bosworth saman á föstu.**



**ENN Á LAUSU** Alexander Skarsgård er laus og liðugur. NORDICPHOTOS/GETTY







MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS







**ÞRIÐJUDAGUR:** **REYKJAVIK SHORTS & DOCS** 16:00, 18:00, 20:00, 22:00 ■ **CORIOLANUS** 17:30, 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30, 20:00 ■ IRON SKY 22:30

ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

**ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ:** 950 kr. miðinn!




# Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

## 25.06 – 01.07

Athugið að forsölu lýkur 15. maí.
Sæti í stúku, miðar á landsmót og hjólhýsastæði – allt bókanlegt á www.landsmot.is

**Verð í forsölu (til 15.maí 2012):**

| | |
|---|---|
| 2 x 10.000 kr. vikupassi fullorðinn | 20.000 kr. |
| 1 x 4.000 kr. vikupassi unglingur | 4.000 kr. |
| Hjólhýsastæði | 3.000 kr. |
| **Alls** | **37.000 kr.** |

**Verð eftir 15.maí:**

| | |
|---|---|
| 2 x 15.000 kr. vikupassi fullorðinn | 30.000 kr. |
| 1 x 5.000 kr. vikupassi unglingur | 5.000 kr. |
| Hjólhýsastæði | 15.000 kr. |
| **Alls** | **50.000 kr.** |

Minnum á afsláttarkjör félaga í LH og BÍ.
N1 korthafar fá 1.000 kr. afslátt.

## Taktu þátt í forsöluleiknum

Dregið verður 15. maí úr keyptum miðum í forsölu.
Í verðlaun er flug fyrir tvo til Evrópu með Iceland Express.

Iceland Express

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

LANDSMÓT HESTAMANNA · NATIONAL HORSE SHOW OF ICELAND

# sport

sport@frettabladid.is



**STJÖRNUKONUR** enduðu fimm ára sigurgöngu Vals á Íslandsmóti kvenna í fyrrasumar og geta endað fimm ára sigurgöngu Valsliðsins í Meistarakeppni KSÍ í kvöld. Stjarnan tekur á móti Val á Stjörnuvelli í Garðabæ í uppgjöri Íslands- og bikarmeistaranna og hefst leikurinn kl. 19.15. Þetta verður fyrsti leikurinn á glænýju gervigrasi á Stjörnuvellinum. Stjarnan hefur aldrei unnið þennan titil áður en Valur hefur unnið hann oftast eða sjö sinnum.

**Fram 0-1 Valur**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 1.987 Þorvaldur Árnason (7)

*0-1 Ásgeir Þór Ingólfsson (44.). Valur er á toppnum eftir 1. umferðina með nýliðum ÍA og Selfoss.*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–9 (2–3) |
| Varin skot | Ögmundur 2 – Sindri 2 |
| Horn | 8–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–14 |
| Rangstöður | 0–2 |

| FRAM 4–3–3 | | VALUR 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Ögmundur Kristinss. | 6 | *Sindri Snær Jens. | 8 |
| Almarr Ormarsson | 5 | Brynjar Kristmundss. | 6 |
| Allan Lowing | 6 | Atli Sveinn Þórarinss. | 7 |
| Kristján Hauksson | 6 | Halldór Kristinn Halld. | 7 |
| Sam Tillen | 6 | Matarr Jobe | 7 |
| Jón Gunnar Eysteins. | 6 | Ásgeir Þór Ingólfsson | 6 |
| (86., Ásgeir Gunnar | -) | (70., Kristinn Freyr | 6) |
| Halldór Hermann | 6 | Guðjón Pétur Lýðss. | 7 |
| Samuel Hewson | 7 | Haukur Páll Sigurðss. | - |
| Kristinn Ingi Halldórs. | 5 | (12. Hafsteinn Briem | 6) |
| (75., Sveinbjörn Jón. | -) | Matthías Guðmunds. | 5 |
| Hólmbert Aron Friðj. | 4 | Rúnar Már Sigurjóns. | 6 |
| (62., Orri Gunnarss. | 5) | Atli Heimisson | 4 |
| Steven Lennon | 4 | (86. Hörður Sveinss. | -) |

*Maður leiksins

Allt um leik gærkvöldsins
er að finna á
vísir.is

# Sá fram á að fá fleiri tækifæri í KR

**Hinn 18 ára gamli Emil Atlason sló í gegn í sínum fyrsta Pepsi-deildarleik með KR á sunnudaginn. Hann skoraði fyrsta mark leiksins og spilaði vel. Emil á ekki langt að sækja hæfileikana enda sonur Atla Eðvaldssonar, fyrrum landsliðsmanns. Emil fór í KR því hann taldi að þar fengi hann fleiri tækifæri.**

**FÓTBOLTI** Það tók hinn bráðefnilega Emil Atlason aðeins tólf mínútur að stimpla sig inn í Pepsi-deildina. Hann skallaði þá boltann laglega í netið fyrir KR gegn Stjörnunni og kom þeim í 1-0. Leiknum lyktaði með jafntefli 2-2.

„Það var gaman að skora. Ég get ekki neitað því. Það hefði samt verið enn skemmtilegra ef markið hefði skilað þremur stigum," sagði Emil hógvær við Fréttablaðið.

Skallatækni hans kom mörgum kunnuglega fyrir sjónir enda taktarnir ekki ósvipaðir þeim hjá karli föður hans, Atla Eðvaldssyni.

„Ég hef heyrt það nokkrum sinnum áður að við sköllum eins. Pabbi var á vellinum í gær og hefur örugglega sagt svona tíu sögur um að hann hafi kennt mér að skalla," sagði Emil léttur.

„Ég fékk ekkert að vita nema þegar ég mætti í leikinn að ég væri í byrjunarliðinu. Ég undirbý mig alltaf eins og ég sé að fara að spila og því var ég tilbúinn."

Þessi skemmtilegi knattspyrnumaður er uppalinn hjá FH og það vakti því nokkra eftirtekt er hann ákvað að söðla um og ganga í raðir KR í febrúar síðastliðnum. FH hefur verið þekkt fyrir sitt rómaða unglingastarf og ekki oft sem liðið missir efnilega leikmenn á þessum aldri til samkeppnisaðilanna.

„Mér bauðst tækifæri til þess að æfa með KR sem og Fram. Ég tók báðum boðum en leist betur á KR. Ég taldi mig eiga meiri möguleika á að fá að spila hjá KR en hjá FH," sagði Emil um ástæður þess að hann ákvað að söðla um.

„Það var samt erfitt að yfirgefa uppeldisfélagið. Ég vildi samt reyna eitthvað nýtt og takmarkið hjá mér í sumar var að vinna mig inn í liðið hjá KR og fá tækifæri. Mér líður vel í KR og það er æðislegt þar. Þjálfarateymið frábært og ekki yfir neinu að kvarta."

Hann segist aðeins hafa fengið að heyra það frá félögum sínum er hann ákvað að fara úr FH í KR.

„Þeir segja ekki mikið eftir markið. Ég hlýt að hafa þaggað eitthvað niður í þeim núna."

Emil nemur við Flensborgarskólann í Hafnarfirði og hann slapp ekkert við að mæta í stærðfræðipróf daginn eftir leik. Hann hefði eflaust kosið betri undirbúning fyrir prófið en að spila knattspyrnuleik.

„Prófið gekk svona þokkalega en það var erfitt að læra daginn fyrir próf. Ég er nú samt vongóður um að hafa náð prófinu. Það verður samt líklega á mörkunum," sagði Hafnfirðingurinn sem á eflaust eftir að láta meira að sér kveða.

henry@frettabladid.is



**STÓR OG STERKUR** Emil er tæplega 190 sentimetrar á hæð og afar sterkur skallamaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Enska úrvalsdeildin í gær:

## Blackburn féll

**FÓTBOLTI** Blackburn Rovers mun fylgja Wolves niður í ensku b-deildina en þetta var ljóst eftir að liðið tapaði 0-1 á heimavelli á móti Wigan í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi. Wigan er jafnframt öruggt með sæti sitt í deildinni eftir þennan sigur. Antolin Alcaraz skoraði eina mark leiksins þremur mínútum fyrir leikslok en Wigan vann þarna sjötta sigurinn í síðustu átta leikjum. **-óój**




Valskonur komnar í 2-1 á móti Fram og geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í Safamýrinni á morgun:

# Valsvörnin sýndi styrk sinn í gærkvöldi

**HANDBOLTI** Valur vann öruggan sigur á Fram 23-17 í þriðja leik liðanna í úrslitum N1-deildar kvenna í gær. Með frábæra vörn og góða markvörslu að vopni tókst Val að ná frumkvæðinu um miðbik fyrri hálfleiks. Liðið lét forystuna aldrei af hendi og er nú aðeins einum sigri frá því að tryggja sér titilinn þriðja árið í röð.

„Þetta var aldrei öruggt en við spiluðum mjög vel og unnum góðan sigur. 6-0 vörnin virkaði og eftir það var þetta auðveldara fyrir okkur," sagði Stefán Arnarson, þjálfari Vals, í leikslok en Valur hóf leikinn með því að spila 3-3 vörn sem Fram réð auðveldlega við en á þeim kafla fór Fram illa með mörg dauðafæri.

Það er meiri breidd í liði Vals og virkuðu lykilmenn í liði Fram, sem spilað hafa flestar mínútur leikjanna til þessa, þreyttir í leiknum. Stefán var þó ekki að öllu leyti sammála þessu.

„Ég held að liðin séu að rúlla mjög svipað og bæði lið eru í góðu formi en ég er mjög ánægður með hvað öldungarnir í mínu liði standa sig vel. Við keyrum hraða miðju og fáum ekki nema eitt eða tvö hraðaupphlaupsmörk á okkur. Við keyrum mjög vel til baka," sagði Stefán sem ætlar að fagna titlinum í fjórða leik liðanna á miðvikudaginn.

„Við ætlum að sjálfsögðu að klára þetta á miðvikudaginn en við gerum okkur grein fyrir því að þetta er úrslitaeinvígi og þó maður vinni með sex mörkum hér þá skilar það ekki sigri á miðvikudaginn. Við þurfum að spila betur til tryggja okkur titilinn þá." **-gmi**



**FYRIRLIÐINN Í GANG** Hrafnhildur Skúladóttir, fyrirliði Vals, skorar hér eitt af fimm mörkum sínum í gær. Hún átti sinn besta leik í einvíginu til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## N1 DEILD KVENNA

*Lokaúrslit - Leikur 3*

**Valur-Fram 23-17 (11-8)**

**Mörk Vals (skot):** Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5/2 (8/2), Þorgerður Anna Atladóttir 5 (12), Dagný Skúladóttir 4 (5), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (6), Karólína Bærhenz Lárudóttir 2 (2), Ragnhildur Rósa Guðm. 2 (6), Ágústa Edda Björnsdóttir 1 (1), Kristín Guðmundsdóttir (2),
**Varin skot:** Guðný Jenný Ásmundsd.14 (30/1, 47%), Sunneva Einarsdóttir 1/1 (2/1, 50%),
**Hraðaupphlaup:** 3 (Hrafnhildur, Dagný, Anna Úrsúla).
**Fiskuð víti:** 2 ( Þorgerður Anna, Anna Úrsúla)
**Utan vallar:** 0 mínútur.
**Mörk Fram (skot):** Sunna Jónsdóttir 5 (12), Anett Köbli 4 (9), Elísabet Gunnarsdóttir 3/1 (5/2), Steinunn Björnsdóttir 2 (2), Stella Sigurðardóttir 2 (10), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (2), Marthe Sördal (2), Sigurbjörg Jóhannsdóttir (5),
**Varin skot:** Guðrún Ósk Maríasdóttir 11 (31/2, 35%), Karen Ösp Guðbjartsdóttir 2 (5, 40%),
**Hraðaupphlaup:** 6 (Steinunn 2, Sunna, Anett, Elísabet, Ásta Birna).
**Fiskuð víti:** 2 (Sunna, Elísabet)
**Utan vallar:** 2 mínútur.

**Valur** er komið í 2-1 og vantar aðeins einn sigur til að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn.

**Ódýrast!**
www.bensinverd.is
sýnir þér hvar lítrinn
er ódýrastur

# Ofurdagur




# 7 kr.

## afsláttur af lítranum í dag*




**Ath!**

Öll Skeljungskort gilda
líka á Orkustöðvunum.

ENNEMM / SIA / NM49890

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði
á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.
Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

> **Stöð 2 Sport kl. 18.50**
> **Liverpool - Chelsea**

***Bein útsending frá leik Liverpool og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni. Leikurinn fer fram á Anfield. Liverpool hefur harma að hefna eftir að Chelsea sigraði í leik liðanna í úrslitum ensku bikarkeppninnar á laugardag.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR LEGGST Í PEST

# *Heilaleysi vegna Style Network*

Undanfarna daga hef ég legið í flensu. Þannig veikindum fylgir gjarnan meira sjónvarpsgláp en aðra daga, milli lúra og hóstakasta. Einhverra hluta vegna leita ég í dægradvöl af verstu sort þegar þannig stendur á, nefnilega í raunveruleikaþætti á E og fleiri líkum stöðvum. Sumir myndu kalla þetta efni „heilalaust“ og ég neita því svo sem ekki. En það er ekki nema von að ég horfi, heilinn í mér í hægagangi pestarinnar hvort sem er. Ég fylgdist tárvotum augum með Kardashian-fjölskyldunni í fríi og snýtti mér meðan siðspilltar mæðgur í Texas hleyptu upp teboðum í Dallas. Þá stóð fyrrverandi tengdadóttir Íslands, Mel B, í ströngu við undirbúning barnaafmælis og nokkrar óhamingjusamar konur fundu hamingjuna í nýjum fataskáp. Á sunnudaginn hafði ég hins vegar fengið nóg. Flensan á undanhaldi, nefrennsli í rénun. Ég tók því skarpa U-beygju og skipti af Style Network yfir á RÚV. Þar var Pétur Gunnarsson rithöfundur að fara yfir sögu Íslands á 18. öld!



Heilann þyrsti í eitthvað fræðandi og menningarlegt eftir allan heilalausa glamúrinn og ég límdist við skjáinn. Þetta var mjög áhugaverður þáttur. Einhver áhrif Style Network sátu þó eftir, ég gat ekki komist yfir það hvað Pétur var lummó í klæðaburði.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tangóskór og fótaflækjur **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Undir yfirborðið: Núið og framtíð fjölmiðlunar **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Listahátíð 2012** (e)
**16.10 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Teitur**
**17.31 Með afa í vasanum**
**17.43 Skúli skelfir**
**17.55 Hið mikla Bé**
**18.17 Táknmálsfréttir**
**18.25 2012** (3:6) (Twenty Twelve)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Hvað er góður endir?** (Bokprogrammet: Hva er en god slut?)
**20.35 Fjórmenningar** (6:6) (The Inbetweeners) Bresk gamanþáttaröð.
**21.05 Kalt kapphlaup** (1:4) (Kaldt kapplöp) Norskur heimildamyndaflokkur. Á norðurskautssvæðinu eru miklar auðlindir sem skipta milljarða manna miklu máli.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Einkaspæjarinn** (3:6) (Case Histories) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur** (17:23) (Desperate Housewives VIII) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Full of It**
**10.00 The Darwin Awards**
**12.00 Lína Langsokkur**
**14.00 Full of It**
**16.00 The Darwin Awards**
**18.00 Lína Langsokkur**
**20.00 X-Men Origins: Wolverine**
**22.00 Notorious**
**00.05 Doll Master**
**02.00 The Condemned**
**04.00 Notorious**
**06.05 The Special Relationship**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (13:23)
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (62:175)
**10.15 Wonder Years** (22:23)
**10.45 The Middle** (12:24)
**11.15 Two and a Half Men** (15:22)
**11.45 Wipeout USA**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance** (14:23) (15:23)
**15.15 Sjáðu**
**15.45 iCarly** (21:25)
**16.10 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (4:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (1:22)
**19.45 Better With You** (22:22)
**20.05 Two and a Half Men** (11:24)
**20.30 The Big Bang Theory** (2:24)
**20.50 How I Met Your Mother** (5:24)
**21.15 White Collar** (10:16)
**22.00 Burn Notice** (17:20)
**22.45 The Daily Show: Global Edition** (16:41)
**23.10 New Girl** (12:24)
**23.35 Grey's Anatomy** (20:24)
**00.20 Entourage** (2:12)
**00.45 Breaking Bad** (2:13)
**01.30 Damages** (3:13)
**02.10 Damages** (4:13)
**02.50 Schmatta: Rags To Riches To Rags**
**04.05 The Big Bang Theory** (2:24)
**04.25 How I Met Your Mother** (5:24)
**04.50 White Collar** (10:16)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Fram - Valur**
**17.00 Fram - Valur**
**18.50 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi-deildar karla í knattspyrnu. Hörður Magnússon stýrir þættinum.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**20.30 Chelsea - Liverpool** Útsending frá úrslitaleik ensku bikarkeppninnar (FA Cup).
**22.20 Ensku bikarmörkin**
**22.50 Spænski boltinn: Granada - Real Madrid**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Blackburn - Wigan**
**10.35 Arsenal - Norwich**
**12.25 Aston Villa - Tottenham**
**14.15 Man. Utd. - Swansea**
**16.05 West Ham - Cardiff**
**17.55 Premier League Review 2011/12**
**18.50 Liverpool - Chelsea** BEINT
**21.00 Football League Show**
**21.35 Newcastle - Man. City**
**23.25 Liverpool - Chelsea**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (108:175)
**20.15 Monk** (8:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Smash** (10:15)
**22.35 Game of Thrones** (6:10)
**23.30 Silent Witness** (2:12)
**00.25 Supernatural** (12:22)
**01.10 Twin Peaks** (18:22)
**01.55 Better Of Ted** (13:13)
**02.15 Better With You** (22:22)
**02.40 Monk** (8:16)
**03.25 The Doctors** (108:175)
**04.05 Íslenski listinn**
**04.30 Sjáðu**
**04.55 Fréttir Stöðvar 2**
**05.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Life Unexpected** (1:13) (e)
**16.35 90210** (15:22) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Got to Dance** (10:15) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (15:48) (e)
**19.25 Rules of Engagement** (19:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (2:25) (e)
**20.10 Necessary Roughness** (5:12) Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle sem á erfitt með að láta enda ná saman í kjölfar skilnaðar. Hún tekur því upp á að gerast sálfræðingur fyrir ruðningslið með afbragðsgóðum árangri.
**21.00 The Good Wife** (15:22) Lockhart/Gardner leiðir hópmálsókn gegn hugbúnaðarfyrirtæki á Sýrlandi sem sakað er um að hafa gert stjórnvöldum landsins kleift að láta fjölda bandarískra ríkisborgara hverfa.
**21.50 Unforgettable** (3:22) Þerna á hóteli er sökuð um að hafa drepið kúnna sem reyndi að nauðga henni. Það er hlutverk Carrie að finna út hvort þernan sé fórnarlamb eða morðingi.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 In Plain Sight** (2:13) (e)
**00.10 Necessary Roughness** (5:12) (e)
**01.00 The Good Wife** (15:22) (e)
**01.50 Unforgettable** (3:22) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Wells Fargo Championship 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Wells Fargo Championship 2012 (2:4) **16.40** LPGA Highlights (8:20) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (17:45) **19.45** The Players Championship (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** US Open 2000 - Official Film **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.25** Keeping Up Appearances **07.55** Dalziel and Pascoe **09.35** Deal or No Deal **10.10** EastEnders **10.40** Come Dine With Me **11.30** QI **12.30** Keeping Up Appearances **13.30** One Foot in the Grave **14.35** Top Gear **15.30** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.05** QI **19.05** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** Little Britain **21.45** Live at the Apollo **22.30** Top Gear **23.25** My Family **00.25** The Graham Norton Show **01.10** Little Britain **02.10** Live at the Apollo **02.55** My Family

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.30** Bryllup i Farver **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie Olivers skolemad **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Masha og bjørnen **14.30** Lille Nørd **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drivhusdrømme **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Blod, sved og ris **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Kommissæren og havet. Den inderste kreds **21.30** OBS **22.50** En chance til **23.20** Lægerne

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Norskekysten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Min idrett **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Churchill - ære og nederlag **21.05** Kveldsnytt **21.20** Nasjonalgalleriet **21.50** Livvaktene **22.45** Ei rituell verd **23.40** Valdres Teens **00.10** Churchill - ære og nederlag **01.45** Bondeknolen **02.15** Norskekysten **05.00** Morgennytt

## svt1

**12.10** Högklackat **12.40** Hennes lilla majestät **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** The Big C **15.00** Attending Örebro **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Student 92 ...men sen då? **18.30** Polly och monsterbilen **19.00** Malmöpolisen **19.55** Animerade drömmar. Dansande pinnar **20.00** Dox **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.40** Greven av Monte Cristo **23.50** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Umsóknarfrestur til 6. JÚNÍ



PIPAR\TBWA • SÍA

HÁSKÓLABRÚ

Á Háskólabrú Keilis er boðið upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. Að námi loknu uppfylla nemendur inntökuskilyrði í háskóla hérlendis og erlendis. Háskólabrú er skipulögð í samstarfi við Háskóla Íslands.

Kennsla við Háskólabrú fer fram í staðnámi á Ásbrú í Reykjanesbæ og á Akureyri í samstarfi við SÍMEY.

NÁMSFRAMBOÐ
// FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD
// HUGVÍSINDADEILD
// VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD
// VERK- OG RAUNVÍSINDADEILD

KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

NÝTT TÆKIFÆRI TIL NÁMS




FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Borðstofuhúsgögn **Nýjar sendingar**

Afar vönduð dönsk húsgögn
Mikið úrval

Hvíldarstólar **Nýjar sendingar**

Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum

# Afsláttur
## af öllum vörum
# Allt á að seljast!



Sófar **Ný sending frá Italsofa**

Stakir sófar 3+2, hornsófar, sófasett, svefnsófar o.fl.



**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**www.valhusgogn.is**

Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardaga kl. 11-16**

**SUMARFRÍIÐ**



*„17. júní verð ég á Rútstúni í Kópavogi og ætla fylgjast með hátíðardagskránni. Þriðja árið í röð fer ég í Lególand og Djurs Sommerland í Árósum í Danmörku. Þannig að það stefnir í brjálað partí hjá mér í allt sumar.“*

Hjörvar Hafliðason knattspyrnuspekingur.

# Kynna íslenska tónlist í borg englanna

Ólafur Arnalds mun troða upp á árlegum kynningarviðburði fyrir íslenska tónlist í Los Angeles 9. júní.

„Yfirleitt hefur þetta verið einhver með gítar og það hefur verið trúbadorastemning en núna verður þetta aðeins öðruvísi. Ólafur verður kannski með einn eða tvo strengjaleikara sem hann ætlar að finna úti í Los Angeles,“ segir Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri Útóns. Meðal þeirra sem hafa spilað á þessum viðburði eru Jónsi í Sigur Rós, Emilíana Torrini og Haukur Heiðar í Diktu.

Viðburðinum er ætlað að koma íslenskri tónlist á framfæri í útvarpi, sjónvarpsþáttum og auglýsingum í Bandaríkjunum. „Þetta hefur borið svolítinn ávöxt og árangur í gegnum tíðina,“ segir Sigtryggur.

Ólafur Arnalds vakti nýlega athygli fyrir tónlist sína í Hollywood-myndinni The Hunger Games og stutt er síðan Of Monsters and Men áttu lag í sjónvarpsþættinum Grey´s Anatomy.

Gestgjafi verður Lanette Phillips, framleiðandi myndbanda hjá Mighty Eight. Aðrir samstarfsaðilar eru Adam Lewis hjá Planetary Group sem sér um dreifingu á tónlist til útvarpsstöðva, og Staci Slater hjá The Talent House sem sér um að koma tónlist að í sjónvarpsþáttum og auglýsingum. Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson, sem er búsettur í Los Angeles, verður einnig á staðnum og vonir standa til að fleiri íslenskir tónlistarmenn láti sjá sig.

Safnplatan Made in Iceland 5, sem hefur að geyma lög eftir átján íslenska flytjendur, verður einnig kynnt. Henni verður dreift til fimm til sex hundruð háskólaútvarpsstöðva og bloggara í Bandaríkjunum. Þar eiga lög Gus-Gus, Ólafur Arnalds, Retro Stefson, Lay Low, Sóley og fleiri. **- fb**



**SPILAR Í LOS ANGELES** Ólafur Arnalds spilar á árlegum kynningarviðburði í Los Angeles 9. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**Barnavagnavika Ferðafélags Íslands alla daga næstu viku 7. – 11. maí**

Gönguferðir með barnavagna og kerrur, fyrir mömmur og pabba, afa og ömmur og alla sem vilja vera með.

Léttar gönguferðir í 60 – 75 mínútur með léttum teygjum og æfingum inn á milli.

Lagt af stað kl. 12.15 alla daga.



**Fyrsta gangan er frá Árbæjarlaug mánudaginn 7. Maí kl. 12.15**

**Sjá nánari dagskrá barnavagnaviku á heimasíðu FÍ www.fi.is**

**Þátttaka er ókeypis – allir velkomnir.**

REAL TIME REVOLUTION:
How Oprah Fused TV
& The Social Experience

Hádegisverðarfundur
ÍMARK og 365 miðla
fimmtudaginn 10. maí



Markaðsbylting í beinni

Jonathan Sinclair, aðstoðarforstjóri og framleiðandi hjá Harpo Studios, framleiðslufyrirtæki Opruh Winfrey, fjallar um breytingar á fjölmiðlaumhverfinu og hvernig markaðsfólk þarf að takast á við breytta neytendahegðun.

Kl. 11.30–13.00 í Norðurljósum í Hörpu, hádegisverður innifalinn.

Skráning og nánari upplýsingar á imark.is

ÍMARK


BERGLIND JÓNSDÓTTIR: MÖGULEIKARNIR ERU ÓTELJANDI

# Keppir um að fá að hanna markaðsherferð fyrir Sonar

Berglind Jónsdóttir útskrifast með gráðu í Art Direction frá IED-skólanum í Barcelona í sumar. Undanfarnar vikur hefur hún unnið að verkefni fyrir Sonartónlistarhátíðina í Barcelona ásamt nokkrum samnemendum sínum. Hópur Berglindar er einn af þremur sem keppa um að fá að taka að sér að skapa markaðsherferð fyrir hátíðina árið 2013.

„Það er afmarkað svæði innan Sonar sem kallast Sonarpro og er „networking“ svæði sem fólk getur skoðað og upplifað tækninýjungar sem tengjast listum. Vandinn er að fáir vita af Sonarpro og markmið okkar er að bæta úr því með nýrri markaðsherferð,“ útskýrir Berglind en hópur hennar þykir hvað líklegastur til vinnings miðað við umsagnir umsjónarmanna Sonar.

Spurð nánar út í verkefnið segir Berglind erfitt að útskýra það í stuttu máli en segir hópinn hafa skapað miðil sem auðveldar fagfólki í hönnunar- og tónlistarbransanum að skiptast á upplýsingum. „Við bjuggum til smáforrit, eða svokallað app, sem geymir allar þínar upplýsingar og virkar eins og rafrænn „prófíll“. Við hönnuðum líka alvöru ský sem fólk fer undir og þá sendist mappan þín í nálæga sjónvarpsskjái og þannig getur viðkomandi kynnt verk sín og sjálfan sig fyrir öðrum. Aðrir gestir geta svo auðveldlega nálgast allar upplýsingar um þig í gegnum fyrrnefnt smáforrit.“

Berglind sigraði í fyrra í samkeppni fyrir vídeólistahátíð og notaði þá límbönd til að skapa vegglistaverk. Uppátækið vakti mikla athygli og í kjölfarið hafði þáttastjórnandi hjá sjónvarpsstöðinni Canal+ samband við Berglindi og bað um að fá að fjalla um hana og verk hennar í nýrri heimildarmynd.



**KEPPIR UM SONAR** Berglind Jónsdóttir, nemandi í Art Direction við IED-skólann í Barcelona, tekur þátt í keppni fyrir Sonar-tónlistarhátíðina í Barcelona.

> Það er einhver hugmynd um að safna peningum og flytja út til Berlínar og stofna þar vinnustofu.
>
> **BERGLIND JÓNSDÓTTIR**
> NEMI Í IED-SKÓLANUM Í BARCELONA

Aðspurð segist Berglind mikla möguleika fylgja því að sigra í keppninni fyrir Sonar og viðurkennir að henni hafi þegar boðist nokkur starfstilboð í Barcelona. Hún segist þó ekki ætla að hugsa út í framtíðina fyrr en hún hafi útskrifast og sé búin að halda útskriftarveislu. „Fyrst kem ég heim að halda partý og hitta fjölskyldu og vini. Það er einhver hugmynd um að safna peningum og flytja út til Berlínar og stofna þar vinnustofu. Annars eru möguleikarnir óteljandi,“ segir þessi hæfileikaríka stúlka að lokum.

**sara@frettabladid.is**

# Mikil aðsókn á Skjaldborg

„Það er greinilegt að hátíðin er að festa sig í sessi,“ segir Tinna Ottesen, einn aðstandenda heimildarmyndahátíðarinnar Skjaldborgar sem fer fram dagana 25.-28. maí.

Þetta er í sjöunda sinn sem kvikmyndaáhugamenn flykkjast til Patreksfjarðar um hvítasunnuhelgina. Hátíðinni hefur borist metfjöldi umsókna í ár en dagskráin sjálf skýrist á næstu dögum. Tinna segist fagna auknum áhuga á heimildarmyndagerð á Íslandi. „Það er gaman að það sé að verða til ákveðin hefð fyrir heimildarmyndum sem listformi,“ segir Tinna. Markmið hátíðarinnar er að sýna það nýjasta og ferskasta í íslenskri heimildarmyndagerð.

Meðal þeirra sem sýna í ár er Steinþór Birgisson með myndina Reimt á Kili: Uggur og örlög Reynistaðabræðra, en Steinþór hlaut aðalverðlaun hátíðarinnar í fyrra fyrir myndina Jón og séra Jón. Þá ætlar Jón Karl Helgason að frumsýna heimildarmynd um sundmenninguna landsins sem nefnist Sundið.

Tinna segir hátíðina alltaf vera að vaxa og þróast. „Það er alltaf mikið líf og fjör á Patreksfirði á meðan á hátíðinni stendur og öll gistipláss full. Það er því um að gera fyrir þá sem ætla að koma að hafa hraðar hendur en bæjarbúar hafa ávallt tekið okkur opnum örmum.“ Hægt er að skoða dagskrá hátíðarinnar og fá upplýsingar um gistimöguleika á Patreksfirði á síðunni Skjaldborg.com. **- áp**



**MIKIL AÐSÓKN** Patreksfjörður fyllist af kvikmyndaáhugamönnum um hvítasunnuhelgina þegar heimildarmyndahátíðin Skjaldborg er haldin.

**www.dominos.is** ***sími*** *58·12345*

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000KR.

**Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.**

PANTAÐU Á NETINU Í RÓ OG NÆÐI!



FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ánægður Ramsay

Strigakjafturinn og kokkurinn **Gordon Ramsay** skemmti sér í miðbæ Reykjavíkur um helgina. Eins og fram hefur komið skellti hann sér á Grillmarkaðinn og fékk sér að borða, en Hrefna Rósa Sætran, ein af eigendum staðarins, missti því miður af honum þar sem hún var heima með flensu.



Ramsay pantaði einnig svokallað flöskuborð á skemmtistaðnum Austur, bæði föstudag og laugardag, og var gríðarlega ánægður með þjónustuna. Yfirdyravörður staðarins fylgdi Ramsay eftir um kvöldið og fylgdi honum meira að segja á hótelið, en hann gisti á 1919.

### Sérstakur átti gólfið

Stærsta samkoma íslenskra lögfræðinga fór fram á föstudaginn, þegar Lagadagurinn var haldinn á vegum Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Dómarafélags Íslands. Að loknum fjölda málstofa var svo hátíðarkvöldverður og ball á Hótel Nordica. Þar skemmti fjöldi fólks sér saman fram eftir kvöldi. Einn maður vakti sérstaka athygli á dansgólfinu, en það var Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari. Ólafur virtist skemmta sér hið besta innan um verjendur sakborninga í málunum sem hann rannsakar.



- afb, þeb

## Mest lesið vísir

1. Stærðar rotta skelfdi kött
2. Eigandi Boot Camp býður Sóleyju í prufutíma
3. Vinstri grænir leggjast gegn heræfingum í Elliðaárdal
4. Börn Amish fólksins þjást mun minna af ofnæmi en önnur börn
5. Stríð á byggingavörumarkaði: "Tittlingaskítur og væl"










PRODIGY™
Framtíðin í stillanlegum rúmum.
Sjón er sögu ríkari
- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu“ stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum



MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



BOAS
Lyftustóll
Verð
159.900
Til í ljósu og dökku leðri

VORTILBOÐ
Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

TAKMARKAÐ MAGN
Ternabox hjónarúm með heilsudýnu
2x80x200 tilboð kr. 239.900
2x90x200 tilboð kr. 249.900
2x100x200 tilboð kr. 269.900



PROFLEX
Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. 339.900 á hjónarúmi.



BOARD S-CAPE
WALLHUGGER
dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Verð frá kr. 479.900 á hjónarúmi
með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið
Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak
Betri öndun
Til í öllum algengustu rúmstærðunum



BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta 179.900
Hægindastóll 89.900
Til í ljósu, brúnu og svörtu leðri

*3,5% lántökugjald




Svefn & heilsa ★★★★★
www.svefn.is




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00